

Á BRATTANN

Greinargerð um starf Zontaklúbbs Reykjavíkur

Höf.: Friede Briem o.fl.

Útgefandi: Zontaklúbbur Reykjavíkur
1985

Efnisyfirlit:

I.	Stefán Skaftason: Formálsorð	bls.	1
II.	Friede Briem: Starf Zontaklúbbs Reykja- víkur að heyrnarmálum:		
1.	Inngangur	"	3
2.	Zontaklúbbarnir - alþjóðaregla	"	4
3.	Zontaklúbbur Reykjavíkur	"	5
4.	Alþjóðamót Zontaklúbbanna í Kaupmanna- höfn 1959	"	8
5.	Heimsókn til Árósa	"	11
6.	Heyrnarstöð á Íslandi	"	14
7.	Fjáröflun hefst	"	16
8.	Heyrnarstöð fyrir yngstu börnin opnuð	"	22
9.	Ole Bentzen heldur háskólafyrirlestur	"	22
10.	Námsstyrkur fyrir kennara boðinn fram	"	35
11.	Nýr styrkþegi, Stefán Skaftason, læknir	"	39
12.	Heimsókn til Árósa 1967	"	41
13.	Námsstyrkur til fósturu	"	43
14.	Sjónvarpskvikmyndin "Sidse"	"	46
15.	Framlag Lionsklúbbsins Njarðar	"	46
16.	Viðtal við Brand Jónsson skólastjóra	"	47
17.	"Er þörf fyrir Heyrnleysingjaskólana?	"	53
18.	Málverkauppboð	"	54
19.	Stofnun háls-, nef- og eyrnadeildar við Borgarspítalann	"	56
20.	Námsstyrkir til kennara	"	57
21.	Niðurlag	"	60
III.	Auður Auðuns: Fáein lokaorð	"	62
IV.	Frá Zontaklúbbum	"	64
V.	Nafnaskrá	"	66

FORMÁLSORÐ

Mér er það sönn ánægja að fylgja úr hlaði riti því er Friede Briem hefur unnið og tekið saman um merkan áfanga í sögu heyrnarmála á Íslandi og þátt Zontasystra í þeirri sögu. Saga þessi spannar ekki yfir ýkja langt skeið eða um það bil einn og hálfan áratug en er þeim mun viðburðaríkari og sýnir enn betur en orð fá lýst, hversu tiltölulega fámenn félagasamtök fá áorkað ef einbeittur vilji, dugnaður og umfram allt ákveðin stefnumörkun fylgir athöfn hverri. Allir, sem á einn eða annan hátt hafa unnið að heyrnarmálum á Íslandi þekkja til starfs Zontasystranna, en öllum almenningi og umfram allt þeim sem í framtíðinni byggja þetta land væri sú saga að mestu ókunn, ef rit þetta liti aldrei dagsins ljós og væri það mjög miður.

Það er næsta lærdómsríkt og öðrum til eftirbreytni að sjá, hvernig Zontasystur standa að verki við að koma hugsjónum sínum í framkvæmd. Fyrst er mörkuð ákveðin og skýr stefna varðandi áhugamál þau, er Zontakonur vilja vinna að: Stuðningur við mállausa og heyrnarskerta. Vilji er allt sem þarf, segja þessar ágætu konur og eftir því er unnið og ekki er setið með hendur í skauti sér. Haft er samband við færustu lækna á Norðurlöndum á þessum sviðum og þeim boðið í fyrirlestrarferðir til Íslands um þessi mál. Einnig er lagt land undir fót og talað við og leitað ráða hjá forustumönnum ýmissra merkra stofnana er þessum málum sinna á hinum Norðurlöndunum og á þann hátt ekki aðeins leitað fræðslu um hvernig vinna mætti sem best að þessum málum hér heima, heldur og tengd kunningja- og vináttubönd við menn og konur starfandi í forystusveit þessara mála meðal bræðraþjóðanna. Stuðlað er að því með drjúgum námsstyrkjum, að íslenskir kennarar, fóstrur og jafnvel læknar geti sérmenntað sig í þessum greinum með það eitt í huga að fá þessa aðila til starfa og uppbyggingar heilbrigðiskerfisins á Íslandi, þegar heim er komið að námi loknu.

Strax í upphafi var Zontasystrum ljóst að koma þyrfti á fót hið fyrsta Heyrnarstöð og sérdeild fyrir háls-, nef- og eyrnasjúkdóma innan veggja einhvers sjúkrahúss Reykjavíkursvæðisins. Þær hófust þegar handa og öfluðu fjár til tækjaútbúnaðar, fyrst fyrir Heyrnarstöð og síðan fyrir heyrnarbætandi skurðaðgerðir á Háls-, nef- og eyrnadeild og leituðu aðstoðar ákveðinna lækna varðandi forystu um lausn þessara tveggja mikilvægu mála.

Allir, sem til þekkja, vita, að nú í dag eru þau farsællega til lykta leidd, en óneitanlega læðist sú spurning að mörgum: Hvar værum við Íslendingar á vegi staddir í málum þessum, ef Zontasystranna hefði aldrei notið við?

Eitt af aðaláhugamálum þeirra í upphafi var sérkennsla heyrnardaufra barna innan hins almenna skóla. Ekki var heldur skorið við nögl sér að veita kennurum styrki til menntunar á þessu sviði fremur en við hin tvö hugðarefnin, sem áður er á minnst. Um allt þetta má lesa og fræðast í riti þessu. Eg hygg, að engri rýrð sé kastað á aðra meðlimi Zontahreyfingarinnar á Íslandi þó að sagt sé, að Friede Briem hafi að öðrum ólöstuðum verið forustukona í þessari vösku sveit. Hún var sá eldhugi, er með dugnaði sínum og elju hvatti menn beinlínis til athafna. Ekkert óx henni í augum, hvorki erfið ferðalög til fjarlæggra landa, ræðuhöld á þingum, sem um þessi mál fjölluðu eða vandasöm viðtöl um þessi mál við heimsþekkta sérfræðinga á þessu sviði, þótt segja megi að komin væri af léttasta skeiði þegar þessir hlutir gerðust. Allt fórst henni jafnvel úr hendi, enda virtist hún kjörin manngerð til slíkra hluta. Fór saman fágúð virðuleg framkoma, góð málakunnátta og framsagnarhæfni og ekki hvað sízt leiftrandi gáfur. Og hún hafði erindi sem erfiði. Um allt þetta og meira til má lesa í hjálögðu riti, sem ætla mætti við fljótlega yfirsýn að væri þurr lestur og upptalning staðreynda úr hluta íslenzka heilbrigðiskerfisins, en er þegar dýpra er kafað og betur að gáð ærið spennandi lestur um sigurgöngu og framkvæmd hugðarefna félagsskapar, sem latur sig miklu varða andlega og líkamlega meðferð meðbræðra sinna. Eg hvet sem flesta að lesa þessa sögu.

Stefán Skaftason.

Friede Briem:

STARF ZONTAKLÚBBS REYKJAVÍKUR AÐ HEYRNARMÁLUM

1. Inngangur.

Hér verður ekki rakin saga heyrnarmála á Íslandi, heldur sagt frá tildrögum þess, að Zontaklúbburinn tók að sér forystuhlutverk um það að koma á fót heyrnarstöð.

Árið 1944 stofnaði Zontaklúbbur Reykjavíkur sjóð til heiðurs Margréti Th. Bjarnadóttur Rasmus, skólastjóra Málleysingjaskólans, sem þá lét af störfum vegna aldurs, og var tilgangur hans að styrkja bágstadda málleysingja að aflokinni skólavist.

Á Zontamóti í Kaupmannahöfn árið 1959 kynntist ég og ferðafélagi minn, Ingibjörg Bjarnadóttir, brautryðjanda í kennslu og málþróun heyrnarskertra barna, sem þá starfaði sem sérfræðingur við heyrnarstöð danska ríkisins í Árósum. Þessi brautryðjandi var kona að nafni Bodil Willemoes, og hafði hún um margra ára skeið verið meðlimur í Zontaklúbbi og leiddi það til fundar okkar.

Þegar við sögðum henni frá styrktarsjóði Zontaklúbbsins til hjálpar heyrnarlausum, hvatti hún okkur til að kynnst starfinu í Árósum með eigin augum. Frá þeirri heimsókn, sem við þáðum með þökkum, segir síðar í þessari frásögn. En það sem skipti sköpum var viðkynning okkar við yfirlækninginn, dr. med. Ole Bentzen. Hann sagði er hann frétti af sjóðnum og þeirri staðreynd að engin heyrnarstöð væri á Íslandi: „Ísland getur ekki verið án heyrnarstöðvar. Úr því að Zontaklúbburinn á sjóð til styrktar heyrnarskertum, hvet ég ykkur til að verja honum til þess að slík stofnun komist á laggirnar."

Þegar hann sá vandræðasvipinn á okkur bauðst hann til að veita okkur alla þá aðstoð sem við óskuðum eftir. Við höldum heimleiðis klyfjaðar bókum og bæklingum varðandi nýjustu framfarir í heyrnarmálum.

Þó að efasemdir um framkvæmdir væru miklar, varð heimsóknin okkur áhrifamikil og ógleymanleg og átti eftir að

setja mark sitt á starfsemi Zontaklúbbsins um margra ára skeið. Þarna hafði Zontaklúbburinn eignast tvær sterkar stoðir, þó í fjarlægum landi væru.

Eins og síðar segir, varð sú hjálp, sem dr. Bentzen veitti okkur og boðin var fram við fyrstu kynni, sá grunnur sem allt starf Zontaklúbbsins byggðist á, er hann hóf forgöngu um að koma á fót heyrnarstöð á Íslandi. Slíka hjálp er ekki unnt að þakka eins og vera ber og vonar höfundur þessara orða, að hið ómetanlega starf dr. Bentzens vekir aðdáun þeirra, sem kynnu að lesa þessa frásögn.

2. Zontaklúbbarnir - alþjóðaregla.

Tilðrögin að stofnun Zontaklúbbanna voru þau, að í heimsstyrjöldinni 1914-1918 voru konur í Bandaríkjunum kallaðar til ýmissa opinberra starfa þar í landi, meðan karlarnir voru á vígvöllum. Hinn venjulegi vettvangur kvenna hafði verið heimilið og börnin, en nú þurfti að skipa í sætin, sem karlmennirnir stóðu upp úr, þegar þeir fóru í herinn.

Störfin, sem konurnar tóku við, færðu þeim aukið sjálfs-traust, víkkuðu sjóndeildarhringinn og veitti gleði inn í líf þeirra. Þjóðfélagið kallaði á vinnufúsar hendur og æ fleiri konum voru falin vandasöm störf.

Það voru aðeins fimm konur, sem hittust í Buffalo í New York ríki árið 1919 til að ræða félagsstofnun. Ein kona úr hverri starfsgrein þjóðfélagsins skyldi vera uppi- staða félagsmyndunar og tilgangurinn var sá að kynni milli stétta gætu orðið meiri og nánari. Þessar bollaleggingar urðu til þess að Zontahreyfingin var grundvölluð. Nafnið Zonta kemur úr Indíánamáli og táknar það að bindast samtökum um ákveðinn tilgang.

Reglur og lög voru samin og einkunnarorð valin, sem lögðu félögunum siðferðislegar skyldur á herðar, um heiðarleik, þjónustu og skylduna um að stuðla eftir mætti að friði í heiminum. Reglum samtakanna lýkur með orðum biblíunnar: „Það sem þér viljið að mennirnir geri yður, skuluð þér og þeim gera.“

Félagar geta þær konur einar orðið, sem hafa með höndum sjálfstæð störf í þjóðfélaginu og fer flokkun í starfsgreinar eftir sameiginlegum reglum.

3. Zontaklúbbur Reykjavíkur.

Zontaklúbbur Reykjavíkur var stofnaður í nóvember 1941 af fámennum hópi kvenna úr jafnmörgum starfsgreinum og konurnar voru, enda megintilgangur félagsins kynning á milli starfsstétta svo að engin kona einangraðist í sinni grein, heldur tengdist samfélaginu og ólíkum viðhorfum, sem gætu orðið til heilla. Í þessum hópi var skólastjóri Málleysingjaskólans, Margrét Th. Bjarnadóttir Rasmus, og langar mig til að bregða upp mynd af þessari merku konu. Til þess þarf ég að hverfa aftur í tímann, þegar hún, ung að árum, byrjaði að kenna við Málleysingjaskólann að Stóra-Hrauni. Það var árið 1899.

Skólastjóri þar var séra Ólafur Helgason, sem að afloknu guðfræðiprófi við Prestaskólann hér fór til Kaupmannahafnar árið 1889 til þess að stunda nám við Málleysingjakennaraskólann þar. Eftir heimkomuna 1891 var honum veitt Gaulverjabæjarprestakall, og þar kom hann á fót í málleysingjaskóla. Tveim árum síðar var honum veitt Stokkseyrarprestakall, og settist hann að á Stóra-Hrauni. Það var þar sem Margrét Rasmus hóf kennslu, eftir að hún hafði áður stundað nám í Danmörku í málleysingjakennslu.

Nemendur voru á ýmsum aldri, sumir ungir, en margir komnir á fullorðinsár. Húsakynni á Stóra-Hrauni voru rúmgóð og heimilið mannmargt, og allir nemendurnir í heimavist. Prestskonan, Kristín Ísleifsdóttir, stjórnaði heimilinu af rausn og myndarskap. Börn prestshjónanna fæddust hvert af öðru og þarna var stofnað til vinatengsla, sem entust um langan aldur. Allt lék í lyndi, lífið brosti við og skólastarfið gekk vel. Árið 1903 bættist skólanum fjölhæfur kennari, Ragnheiður Guðjónsdóttir, sem var náfrænka séra Ólafs.

En snögg urðu veðrabrigði. Séra Ólafur veiktist og

þurfti að fara utan til að leita sér lækninga, en lést um borð í skipinu á leið til Kaupmannahafnar. Það var 19. febrúar 1904 og var séra Ólafur aðeins 36 ára gamall. Lét hann eftir sig fimm börn, eins til tíu ára gömul.

Aður en séra Ólafur lagði af stað í þessa ferð, húsvitjaði hann á hverjum bæ og kvaddi sóknarbörn sín. Langur tími leið þangað til fregnin um andlát hans barst til Íslands. Páll Isólfsson tónskáld segir frá því, þegar hann, 10 ára gamall, lék sálm að beiðni séra Ólafs á þessari kveðjustund heima hjá foreldrum sínum á Eyrarbakka. (Hundapúfan og hafið, 1961).

Allir, sem voru samtíða Margréti Bjarnadóttur, þekktu mannkosti hennar, samviskusemi og hæfileika. Tók hún nú að sér stjórn skólans með Ragnheiði Guðjónsdóttur. Skólanum var stjórnað af hlýju og hjartagæsku og fékk Margrét ekki síst það hlutverk að græða sárin eftir lát séra Ólafs. Málleysingjaskólinn var áfram að Stóra-Hrauni þrátt fyrir þessa miklu breytingu.

Séra Gísli Skúlason kom að Stóra-Hrauni árið 1905. Hann hafði einnig kynnt sér málleysingjakennslu í Danmörku. Séra Gísli, Margrét og Ragnheiður störfuðu áfram við skólann, þar til hann var fluttur til Reykjavíkur árið 1908, er Margrét Rasmus var skipuð skólastjóri. Í Reykjavík beið Margrétar mikið starf og nú kom reynsla hennar og frábærir hæfileikar að góðu gagni. Heimili hennar og skólinn voru eitt. Margrét, Ragnheiður og allt aðstoðarfólk var þarna í sama húsi. En áður en langt um leið þurfti skólinn að taka við bæði heyrnarlausum og vangefnum börnum, sem gerði starfið óumræðilega erfitt. Skólinn starfaði við frumstæðar aðstæður, sem þó fóru heldur batnandi eftir því sem á leið. Margrét var sívakandi við að kynna sér nýjungar við kennslu málleysingja, fór m.a. til Danmerkur árið 1922 til að kynna vara-lestursaðferðinni. Árið 1934 fór hún bæði til Danmerkur og Þýskalands til að fylgjast með framförum í kennslu heyrnarlausra. Hún lét af störfum vegna aldurs 1944, en þá tók Brandur Jónsson við skólastjórn.

Eins og áður segir stofnaði Zontaklúbbur Reykjavíkur styrktarsjóð til heiðurs Margréti árið 1944 og var ákveðið að sjóðurinn bæri nafn þessa merkilega frumkvöðuls í málefnum heyrnarskertra. Ein félagskvenna var ungur lögfræðingur, Auður Auðuns, og tók hún að sér að semja skipulagsskrá. Var höfuðtilgangur sjóðsins skv. skipulagsskránni að styrkja bágstadda málleysingja að aflokinni skólavist.

Margrét var raunar eini tengiliðurinn á milli mállausa fólksins og Zontaklúbbsins, og voru styrkir veittir að hennar tillögum meðan hennar naut við. Styrkir voru helst veittir í veikindatilfellum og mátti kannski segja að þeir væru fremur glaðningur en hjálp.

Stundum var málleysingjunum veitt annarskonar hjálp fyrir tilstilli Zontakvenna og kom sú hjálp vafalaust oft að góðu gagni. Þar er ekki síst að nefna hjálp við að koma mállausu fólki út á vinnumarkaðinn.

Zontaklúbburinn bauð mállausa fólkinu til fagnaðar einu sinni á vetri með ýmsu skemmtiefni, sem miðaðist við gestina. Bornar voru fram veitingar, sem Zontakonurnar höfðu útbúið og gengu þær glaðlegar um beina og sáu um að allt færi vel fram. Einnig bauð klúbburinn nemendum Heyrnleysingjaskólans, ásamt skólastjóranum Brandi Jónssyni og konu hans, kennurum, starfsliði skólans og foreldrum yngstu barnanna. Að loknum veitingum var dregið niður í ljósunum, harmónikan þanin og dansinn hófst. Þó segja mátti að þetta væru þöglar skemmtanir, var mikið talað á fingramáli og öðru merkjamáli. Málleysingjar á öllum aldri nutu þess þarna að hittast og létu fáir sig vanta á þessi þöglu kvöld. Eg bæti því hér við, að þessar kvöldstundir létu okkur Zontakonurnar ekki ósnortnar. Við fylgdumst með því, hversu einangrunin þrúgandi var, sem heyrnarlausu fólkið bjó við. Eftir þessar óvenjulegu skemmtanir, sýndi það okkur ríkulegt þakklæti sitt með blíðuhótum.

4. Alþjóðamót Zontaklúbbanna í Kaupmannahöfn 1959.

Í maí 1959 var haldið alþjóðlegt Zontamót í Kaupmannahöfn. Þangað fóru þrjár konur úr Zontaklúbbi Reykjavíkur og ein kona frá nýstofnuðum klúbbi á Akureyri. Þessar konur voru Sigríður Bachmann, forstöðukona Landspítalans, Ingibjörg Bjarnadóttir, kaupkona í Reykjavík, Jóhanna Jóhannsdóttir, verslunarstjóri á Akureyri og undirrituð.

Við Ingibjörg áttum samfylgd og kom okkur á óvart sú gestrisni, sem Kaupmannahafnarklúbburinn sýndi okkur með því að fagna komu okkar með blómvendi á hótélherberginu okkar.

Til mótsins voru mættar 330 konur víðs vegar að og gafst þarna gott tækifæri til að kynna konum frá ýmsum löndum úr fjölmörgum stéttum og heyra um viðhorf þeirra og reynslu. Zontamótið var skipulagt með ágætum af Kaupmannahafnarklúbbnum.

Mótið var sett í hinna ævagömlu kauphöll Kaupmannahafnar, Börsen. Setningarræðuna flutti greifynjan Tove Castenskiöld, sem var einn ritstjóra Tidens Kvinder. Á eftir henni talaði forseti alþjóðasambandsins. Síðan tók við forstjóri kauphallarinnar. Hann fræddi okkur um þessa gömlu byggingu, sem Kristján IV átti upphaf að eins og mörgum fegurstu byggingum Kaupmannahafnar. Forstjórinn fræddi okkur um bygginguna og fagnaði því að taka í þetta skipti í fyrsta sinn á móti kvennasamtökum. Hann leiddi okkur um hina fögru sali. Að setningarathöfninni lokinni var boðið til hádegisverðar á Löngulínu, þar sem Ingiríður drottning var gestur, en hún var heiðursfélagi Zontaklúbbsins í Kaupmannahöfn.

Þegar þangað kom var öllum vísað til sætis, en frú Castenskiöld bað eina konu frá hverju Norðurlandanna að vera með sér og taka á móti drottningunni og var ég ein þeirra. Stóðum við þarna á rauða dreglinum tilbúna með bros og hneigingar, en Danadrottning lét aðeins bíða eftir sér, svo brosið var örlítið farið að stirðna.

Siðameistari okkar, formaðurinn, virtist æfð í hirðsiðum og kom það sér vel fyrir okkur hinar.

Drottningin hélt þarna ágæta ræðu á ensku, þar sem hún lagði m.a. áherslu á þá miklu þýðingu, sem persónuleg kynni og vináttusambönd alltaf hefðu og væru til þess líkleg að auka skilning manna og þjóða á milli og vonaði hún að við eignuðumst dýrmætar endurminningar um þessa daga í Kaupmannahöfn.

Sænsku konurnar voru heillaðar af drottningunni og rifjuðu upp, að einu sinni hefði hún verið sænsk prinsessa. Staðið var upp frá borðum, drottningu og hirðmey hennar fylgt út og hneigingarnar endurteknar á rauða dreglinum.

Þá hófust fundirnir. Veislusalirnir breyttust í fundarherbergi, veggjunum rúllað fram og fundarstjórar valdir ásamt riturum. Helvi Sipilä, lögfræðingur frá Finnlandi, var kjörin fundarstjóri og tókst henni fundarstjórnin afburða vel. Tími var knappur, þar sem Munk yfirborgarstjóri í Kaupmannahöfn og kona hans höfðu boðið okkur til ráðhússins síðar um daginn og stóðst sú áætlun.

Móttökur voru frábærar og í hrifningu augnabliksins endaði borgarstjórinn á því að segja að sér væri mikil ánægja að taka á móti þessum fallega hópi kvenna. Að þessu var hlegið dátt. Þarna var veitt af rausn og endað með því að bornar voru fram hinar gómsætu og frægu ráðhúspönnukökur.

Kvöldið var frjálst, nema fulltrúar klúbbanna voru boðnir til kvöldveislu í höll Tove Castenskiöld í Hellerup og var þetta um leið kveðjuveisla þeirra hjóna, sem voru búin að gefast upp á að búa í þessu stóra húsi og sjá um heljarstóran garð. Heimilið var stórglæsilegt og garðurinn allur ljósum prýddur þetta kvöld og var eins og ævintýraheimur.

Þessi frásögn mín er orðin nokkuð löng, en þetta kvöld varð til þess að opna mér nýjan heim. Þarna hitti ég Brittu Larsson frá Uppsölum, sem ég hafði kynnst nokkrum árum áður í Svíþjóð og bar þar á góma sjóðinn okkar til

styrktar mállausu fólki. Vildi hún endilega koma mér í kynni við danska konu frá Árósum, Bodil Willemoes, sem hún sagði hafa unnið mjög merkilegt starf í Danmörku fyrir heyrnarlaus börn. Var þessi kona á mótinu í Höfn, en ekki stödd þarna þetta kvöld og Britta vissi að hún þyrfti að halda heim daginn eftir.

Eftir þessa glæsilegu veislu og ágæt kynni af mörgum Zontakonum ók ég heim á hótelið og hitti þar Ingibjörgu. Þótt áliðið væri orðið, var engin undankoma fyrir hana að hlusta á mig, sem langaði að segja henni frá því sem ég hafði frétt um starfsemi í Árósum á sviði stuðnings við heyrnarlausa. Frásögnin af þessu og veislunni bar þess merki að ég var uppi í skýjunum og veisluglöð, en Ingibjörg hélt sinni rósemi og spurði, hvort við ættum ekki að sofa á þessu.

Morguninn eftir gátum við valið á milli þess, hvort við færum í heimsókn í stórverslunina Illum og þægjum þar morgunverð í boði Else Illum, eiganda verslunarinnar, sem einnig var Zontakona, eða að skoða barnaheimilið Benediktegården, sem nýlega hafði verið opnað og nefnt eftir Benedikte prinsessu. Okkur fannst líklegra, að við hittum Bodil Willemoes þar og ákváðum því að fara þangað.

Í stað þess að skoða þetta fallega barnaheimili, rýndum við Ingibjörg nærgöngulum augum á öll barmmerkin til þess að finna Bodil Willemoes og tókst það að lokum. Við bárum upp erindi okkar og lýstum fyrir henni, hversu mikinn áhuga við hefðum á að kynnst starfsaðferðum hennar til hjálpar heyrnarskertum börnum og sögðum henni frá sjóðnum. Hún lifnaði öll við og var fljót að átta sig á því, að starfinu þyrftum við að kynnst með eigin augum og koma beint til Árósa. Bauðst hún til að taka þar á móti okkur. Við gátum ekki ákveðið okkur á stundinni, en Bodil var ákveðin og sagði „Ég heyri frá ykkur“.

Zontamótinu var ekki lokið með þessu og fundirnir héldu áfram, stofnað var samband Norðurlandaklúbbanna og lögð drög að flóttamannahjálp, sem þá var mjög í brenni-depli og á dagskrá á þessari ráðstefnu.

Áður en ég fór að heiman fékk ég upplýsingar um hvernig Ísland stæði sig á þessu sviði, og hafði ég ánægju af því að segja á fundinum frá því að Ísland stæði framarlega hvað snerti viðtökur flóttafólks. Vakti það athygli og ánægju á fundinum. Þessum umræðum lauk með því, að samþykkt var, að hver einasta Zontakona greiddi visst gjald, sem rynni í sjóð til hjálpar flóttafólki og hefur þetta verið á stefnuskrá allra Zontaklúbbanna æ síðan.

Mótið hélt áfram með skemmtun, skoðanaferðum og heimsóknum. Við heimsóttum m.a. nokkur aðalssetur á Skáni, þar sem Zontakonur voru hallarfrúr. Við urðum meðvitaðar um það, hversu mikil ábyrgð fylgdi þessum eignum og erfðagripum sem höllunum fylgja. Þar lýstu því hvernig erfitt væri að halda þessu öllu við og skila því óskertu til næstu kynslóðar. Þarna urðu góð kynni milli þátttakenda og mjög fróðlegt og skemmtilegt að deila geði við svo margar og ágætar konur. Þegar ráðstefnunni lauk bauð ég til fyrstu Norðurlandaráðstefnunnar, sem Zontaklúbbur Reykjavíkur tók að sér að halda. Læt ég hér lokið frásögn af þessum hluta mótsins, enda tilgangurinn að segja frá heimsókninni til Árósa. En Norðurlandaráðstefnan var haldin í Reykjavík í ágúst 1960 og tókst með ágætum. M.a. vorum við svo lán-samar, að veðrið skartaði sínu fegursta, svo að ferðir hér innanlands urðu mörgum þátttakendum ógleymanlegar.

5. Heimsókn til Árósa.

Eftir Zontamótið og dvölina í Kaupmannahöfn fórum við Ingibjörg Bjarnadóttir til Lugano í Sviss, svo að við höfðum nægan tíma til að velta því fyrir okkur, hvort við ættum að fara til Árósa og kynnast starfinu þar til hjálpar heyrnarskertum börnum. Endirinn varð að nokkru síðar höfðum við samband við Bodil Willemoes og spurðum hana hvort við mættum koma, og svarið var, að við værum hjartanlega velkomnar.

Dagurinn rann upp í júní 1959. Við stóðum við dyrnar á dagheimilinu Granly og spurðum eftir forstöðukonunni.

Okkur var boðið að ganga inn og var tekið opnum örmum af Bodil Willemoes sem bauð okkur velkomnar. Börnin voru flest úti í góða veðrinu að leika sér, en nú var þeim sagt að koma inn og heilsa gestunum. Þarna voru börn með fulla heyrn og önnur heyrnarskert og þau síðarnefndu báru öll heyrnartæki í báðum eyrum. Þau voru glöð og hneigðu sig fyrir okkur og hlupu síðan hlējandi burt. Gasprið var mikið og talið glumdi. En þarna hafði Bodil Willemoes stjórnina. Þau áttu að raða sér upp í fallega röð, berja bumbur og ganga eftir hljóðfallinu. Bodil settist við píanóið og börnin sungu. Að þessu loknu fengu þau hressingu, sótti hver sitt mál, brauð og mjólk. Allt virtist eðlilegt. Börnin þökkuðu öll fyrir sig í kór og hlupu síðan út til að halda leiknum áfram.

Hér var ekki næði til þess að segja frá öllu þessu starfi í smáatriðum, en Bodil Willemoes sagði okkur frá atviki, sem skeð hafði árið 1944, þegar hún starfaði í Alaborg sem forstöðukona barnaheimilis og varð til að fyrsta heyrnarskerta barnið fékk vist á heimilinu með heyrandi börnum. "Árið 1944 komu foreldrar með dóttur sína heyrnarlausu, 2 1/2 árs gamla, til mín á barnaheimilið í Alaborg, þar sem ég var forstöðukona og báðu mig að taka við henni. Þar sem ég hafði enga reynslu eða þekkingu á meðferð heyrnarskertra barna, bað ég þau að koma aðeins með telpuna til mín til reynslu. Telpan var mjög geðrík, en mig langaði til að létta byrði móðurinnar með því að taka við henni og það gerði ég. Fyrst var hún aðeins stuttan tíma á hverjum degi og reyndist hún fljótlega komast í góð samskipti við börnin sem fyrir voru. Á þessum tíma var engin heyrnarstöð á Jótlandi og barnið ekki með heyrnartæki.

Við reyndum að sinna telpunni og æfa hana í hljóðfalli og varalestri. Smám saman fór hún að taka framförum. Börnin áttuðu sig fljótt á því að hún heyrði ekki. En þau héldu áfram að tala við hana og vildu fá svar. Segja mátti, að leikfélagarnir yrðu besta hjálpin og þó að framfarirnar væru ekki örar, fór málið að þróast

hjá henni. Starfið var sennilega einstætt sem þarna fór fram.

Þegar heyrnarstöð danska ríkisins var sett á stofn 1952 í Árósum tæpum 10 árum síðar, fluttist Bodil Willemoes þangað og tók við starfi forstöðukonu á dagheimili þar sem aðeins voru 20 börn, heyrnarskert og heyrandi, og nú hófst samstarf hennar við heyrnarstöðina og yfirlækninn, dr. Ole Bentzen. Hann hafði fregnað um starfið í Alaborg og vildi nú færa sér reynslu hennar í nyt. Sameiginleg áhugamál þeirra og samvinna hefur bæði reynst þýðingarmikil fyrir heyrnarskertu börnin og fyrir fjölskyldur þeirra. Þær eiga reyndar við erfið vandamál að stríða og verður bæði að hjálpa þeim og leiðbeina.

Eftir heimsóknina á dagheimilið var farið í heyrnarstöðina, Statens Hörecentral, þar sem við hittum yfirlækninn. Hann tók á móti okkur af mikilli vinsemd, leiddi okkur um húsakynninn og sýndi okkur ýmis heyrnar-mælitæki. Sum voru fyrir kornung börn. Eftir heyrnar-mælingar fengu börnin öll heyrnartæki, sem löguð voru eftir heyrnarskerðingu hvers og eins. Með þessum nákvæmu rannsóknum og mælingum kom oft í ljós, að talsverðar heyrnarleifar voru fyrir hendi, sem mögulegt var að nýta við talkennslu. Mikil áhersla var lögð á að börnin kæmu ung til rannsóknar, svo ekki glataðist sá tími, sem eðlilegur er fyrir börn að mynda mál. Foreldrarnir voru hvattir til að tala við börnin og koma þeim síðan í leikskóla með talandi börnum. Árangur af þessu starfi gæti jafnvel orðið sá, að börnin færu í venjulega barnaskóla. Að sjálfsögðu þyrftu þau að njóta sérkennslu lærðra kennara við það sem þau réðu verr við en eðlilega þroskuð börn. En í leikfimi, sundi, verklegum fögum og í félagslegum samskiptum yrðu þau með hinum börnunum í skólanum.

Þegar dr. Bentzen heyrði að engin heyrnarstöð væri til á Íslandi og að Zontaklúbburinn ætti sjóð til hjálpar heyrnarlausu fólki, varð honum að orði: „Sjóðinn eigið þið að nota til að koma upp heyrnarstöð. Ísland getur ekki verið án heyrnarstöðvar. Ef klúbburinn óskar eftir

minni aðstoð, skal hún fúslega veitt".

Með þetta vegarnesti, ásamt fræðsluritum allskonar, bæklingum og bókum, kvöddum við yfirlækninn með innilegu þakklæti fyrir þessa undraverðu upplifun sem við höfðum þarna notið.

En heimsókninni var ekki lokið. Við höldum á braut með Bodil Willemoes, sem ekki er síður eldhugi en dr. Bentzen. Ég býst við að sannfæringarkrafturinn í því sem þau sögðu, hafi smitað okkur og þá ekki síður tækifærið, sem við fengum til að sjá starfið sem þarna fór fram. Það gerði okkur ljóst hvílíkar geysilegar framfarir hefðu orðið í heyrnarmálum síðustu árin. Í Árósum dvöldum við þennan dag og næsta með Bodil Willemoes. Mikið var rätt um heyrnarmál og margt bar á góma um starf hennar með börnunum. Okkur þótti unaðslegt að heyra frásagnir hennar af starfinu, ekki síst þegar vel hafði gengið.

6. Heyrnarstöð á Islandi.

Eftir þessa áhrifamiklu heimsókn höldum við til Kaupmannahafnar. Skömmu síðar fór ég síðan heim. Zontafundir eru engir að sumrinu, en fyrsti fundurinn var í september. Þar flutti ég frásögn af Zontamótinu og þá ekki síst af heimsókninni á heyrnarstöðina í Árósum.

Umræður urðu þarna mjög fjörugar og áhugi vaknaði strax á framkvæmdum, en bjartsýni var kannski ekki mjög mikil. Styrktarsjóðurinn var langt frá því að vera fjársterkur, auk þess sem hann var bundinn öðru verkefni. Klúbburinn hafði ekki frjálsar hendur til að breyta staðfestri skipulagsskrá. Hingað til hafði lítið starf farið fram við fjáröflun. Seld höfðu verið minningarspjöld í þágu sjóðsins og sala eingöngu farið fram innan klúbbsins.

En frá þessari stundu varð nánast bylting í félagsstarfinu. Bollaleggingar um nýja starfsemi varð umræðuefnið á öllum næstu fundum. Árangurinn varð sá, að skipu-

lagsskránni fékkst breytt þannig, að klúbburinn fékk frjálsar hendur um að hefjast handa. Byrjað skyldi á að verða yngstu börnunum að liði og halda samtímis áfram með verkefnið sem áður hafði verið unnið að. Skemmtikvöldunum fyrir eldra fólkið og börnin í heyrnleysingjaskólunum var haldið áfram.

Ekki tel ég vafa á því, að það var viðkynningin við heyrnleysingjana á þessum skemmtikvöldum, sem fyrst og fremst hafði brýnt Zontaklúbb Reykjavíkur til dáða. Sú alvarlega fötlun, sem heyrnleysið er, snerti okkur allar mjög djúpt og nú fengum við tækifæri til að láta að okkur kveða á uppbyggilegan hátt heyrnleysingjunum til framdráttar.

En hvernig skyldi af stað farið? Eitt af þeim mörgu heilræðum sem dr. Bentzen gaf okkur sem veganesti var: „Það er ekki nóg að byrja, það þarf að byrja rétt.“ Vegna þarfarinnar á sérfræðilegri leiðsögn leituðum við til Erlings Þorsteinssonar, háls-, nef- og eyrnarlæknis og báðum hann að skrifa dr. Bentzen ásamt okkur. Erlingur tók þessu ljúflega. Hann skrifaði dr. Bentzen og einnig yfirlækni heyrnarstöðvarinnar í Kaupmannahöfn, dr. Ewertsen, sem hann þekkti frá dvöl sinni í Danmörku. Báðir þessir ágætu læknar voru reiðubúnir að leggja málinu lið. Eftir nákvæma athugun á svörunum varð niðurstaðan sú, að Zontaklúbbur Reykjavíkur ákvað að auglýsa námsstyrk til fósturu í júní 1960. Skyldi námið fara fram í Árósum við heyrnarstöð danska ríkisins, þar sem kennsla færi fram í heyrnarmælingum og einnig verklegt nám í sambandi við heyrnartækin. Styrkþegi skyldi sækja fyrirlestra í háskólanum um heyrnarrannsóknir og að öðru leyti fylgjast með öllu starfi á heyrnarstöðinni, dagheimili og leikskóla Bodil Willemoes.

Húsnæði og fæði átti styrkþegi að fá á sjúkrahúsinu og greiddi fyrir það 280 d.kr. á mánuði, en styrkurinn nam 500 kr. mánaðarlega í 10 mánuði og fríar ferðir fram og aftur. Styrkinn fékk María Kjeld og hóf hún námið 19. ágúst að loknu fóstrumóti í Askov.

María Kjeld stundaði námið samviskusamlega. Hún hafði starfað sem fóstara í 7 ár og kunni dönsku ágætlega. Eg geymi í fórum mínum fjöldamörg bréf sem fóru á milli Maríu og mín á námstímabilinu. Bréfin bera það með sér að höfuðáhersla var lögð á góðan undirbúning undir það erfiða starf sem mundi bíða hennar á Íslandi, þar sem ekki hafði farið fram starfsemi af þessu tagi fyrr. Hópur háls-, nef- og eyrnalækna var fámennur, engin heyrnarstöð eða búnaður, sem nauðsynlegur var til að hefja starf eitthvað í líkingu við það sem unnið var í þróaðri heyrnarstöð.

Heyrnarstöð þurfti að sjálfsögðu húsnæði og rekstrar- aðila. Undirbúningsnefnd Zontaklúbbsins og stjórn tók þá stefnu að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur væri rétti aðilinn til að taka að sér þessa starfsemi. Þáverandi formaður Zontaklúbbsins, Auður Auðuns, hitti Jón Sigurðsson borgarlækni að máli 9. febrúar 1961 og reifaði við hann hugmyndir klúbbsins. Það varð málinu til mikils framdráttar, að borgarlæknir var frá fyrstu stundu hlynntur stofnun heyrnarstöðvarinnar og taldi starfsemi af þessu tagi heyra undir heilsuvernd. Kom hann því til leiðar, að 22. desember 1961 ákvað stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur að stofna heyrnarstöð fyrir börn innan 4ra ára aldurs.

7. Fjáröflun hefst.

Af mikilli bjartsýni lagði Zontaklúbburinn í að halda skemmtun til ágóða fyrir styrktarsjóðinn og leitaði til almennings í fyrsta skipti í þessu skyni. Allar Zontakonurnar tóku þátt í undirbúningnum og var skemmtunin ákveðin 6. nóvember 1961 og málefnið kynnt í blöðum. Vegna síðari tíma og þess að hér var nýjung í heyrnar- málum barna kynnt í fyrsta skipti tek ég hér upp útdrátt úr blaðaviðtali og lýsingu á því sem boðið var upp á. Greinin var í Morgunblaðinu 3. nóvember 1961.

"UNNIÐ AÐ STOFNUN HEYRNARSTÖÐVAR FYRIR BÖRN.

Skemmtun til fjáröflunar í Lido á mánudag.

Hér á landi er nú uppi hreyfing um að koma á aðstoð við heyrnardauf börn, þ.e.a.s. yngstu börnin þannig að sem allra fyrst sé hægt að ganga úr skugga um hvernig heyrn þeirra er varið, hverjar orsakirnar eru og veita þeim aðstoð eins og hægt er, en hvað þetta snertir, eru Íslendingar eftirbátar annarra þjóða. Það er Zontaklúbbur Reykjavíkur sem gengst fyrir þessu í samvinnu við Erling Þorsteinsson, sérfræðing í háls- nef- og eyrnasjúkdómum.

Í þessu skyni hefur Zontaklúbburinn styrkt Maríu Kjeld sem er fóstura að menntun til náms við heyrnarstöðina í Árósum og kom hún heim frá því námi í vor. Ekki hafa enn verið aðstæður til að hún gæti tekið til starfa. Erlingur Þorsteinsson skýrði fréttamönnum svo frá á fundi er þeir áttu með honum og Zontasysturum í fyrrakvöld, að þau stefndu að því að stofnuð yrði heyrnarstöð fyrir börn og hefði verið leitað hófanna hjá stjórn Heilsumverndarstöðvar Reykjavíkur um húsnæði undir hana. Hafa Zontakonur boðist til að leggja þeirri starfsemi til nauðsynlegustu tæki, eftir því sem þær geta, en Erlingur hefur boðist til að vinna að því sem hann gæti, að koma þessu á laggirnar og starfa endurgjaldslaust í stöðinni, eftir því sem með þarf.

Erlend sendiráð skreyta borð.

Í þeim tilgangi að safna fé í slík tæki, sem eru dýr, ætla Zontasystur nú í fyrsta sinn að leita til almennings og efna til skemmtunar í Lido á mánudagskvöldið. Þar verða ýmis skemmtiatriði, m.a. flytur Erlingur Þorsteinsson læknir ávarp. Svavar Gests býður upp böggla, sem keypt hefur verið í fyrir fé frá Zontasysturum og hefur frú Rúna Guðmundsdóttir valið innihaldið, auk þess sem forsetafrú Dóra Þórhallsdóttir, heiðursfélagi klúbbsins, hefur gefið nokkra böggla. Frú Kristín Guðmundsdóttir hífýlafræðingur sér um uppsetningu sýningarinnar.

Þá verða til sýnis uppdúkuð borð, sem 10 erlendu sendiráðin í Reykjavík munu skreyta að sið síns lands, og hafa sendiherrafrúrnar gefið uppskriftir að réttum, sem fjölrítaðar hafa verið og verða til sölu. Auk þess verður eitt borð skreytt að kínverskum sið með munum sem frú Oddný Sen hefur lánað og eitt íslenskt borð. Þá hafa Zontasystur faldað mikið af mislitum serviettum, sem þær selja og fengið dönsk kerti til borðskreytinga, sem einnig

verða til sölu. Loks verða til sýnis leikföng sem notuð eru við rannsókn á heyrnardaufum börnum."

„Ekki er ákveðið hvernig starfi verður hagað hér, sem fyrr er sagt. Zontaklúbbur Reykjavíkur er meðlimur í samnefndum alþjóðafélagsskap og hefur ákveðið að veita það lið sem hann má. Sjóði sem félagsskapurinn á, og ber nafn Margrétar Rasmus, var breytt í þeim tilgangi. Upphaflega var honum ætlað að styrkja bágstadda málleysingja að loknu skólanámi, en nú hefur starfssvið hans verið víkkað og er hann notaður í hverjum þeim tilgangi sem má verða að liði heyrnardaufum börnum. Var styrkur Maríu Kjeld til náms m.a. veittur úr honum. Hugmyndin að því að Zontasystur beita sér fyrir því að koma upp heyrnarstöð fyrir yngstu heyrnleysingjana, kviknaði er Friede Briem fór sem fulltrúi Zontaklúbbs Reykjavíkur á Zontamót í Kaupmannahöfn og í því sambandi ásamt Ingibjörgu Bjarnadóttur til Árósa að kynna þá starfi sem þar er til hjálpar heyrnarlausum börnum. Þar eð Ingibjörg dvaldi ennþá í Danmörku kom það í hlut Friede Briem að leggja málið fyrir félagsskapinn er heim kom, og er nú unnið að því að koma málinu í framkvæmd."

Fjáröflunarskemmtunin gekk svo vel að klúbburinn sá sér strax fært að kaupa nauðsynlegustu tæki í heyrnarstöð sem þyrfti til að byrja, þó í smáum stíl yrði. Og enn var leitað til dr. Bentzens. Nauðsyn var á að tækin væru valin af sérfræðingi eins fullkomin og unnt væri að fá. Eins og venjulega tók dr. Bentzen málaleituninni vel og pantaði tækin fyrir klúbbinn. Það sem keypt var, eru sérhæfð tæki sem heita: Kamplex tveggja rása audiometer með Telephonics heyrnartólum, nákvæmur hljóðnemi á fæti, magnari og tveir sérbyggðir hátalarar. Auk þess voru keypt ýmis sérstök leikföng til að nota við rannsókn á heyrnarskertum börnum og voru þau valin af Maríu Kjeld í samráði við Bodil Willemoes.

Vörurnar komu skilvíslega til landsins og greiddi Zontaklúbburinn fyrir þær. En þar sem undirbúningur að heyrnarstöð var enn á frumstigi voru tækin sett í geymslu fyrst um sinn.

Ég fór til Kaupmannahafnar sumarið 1962 og hafði þá að sjálfsögðu samband við dr. Bentzen í síma, m.a. til að

þakka honum fyrir alla fyrirgreiðsluna í sambandi við kaupin á tækjunum. Erindi mitt var reyndar tvíþætt. Ég vissi að dr. Bentzen ætlaði til Bandaríkjanna og hafði ég hug á að fréttu, hvort hann hefði möguleika á að koma við á Íslandi og halda þar fyrirlestur um nýjungar í heyrnarmálum. Því miður gat dr. Bentzen ekki komið þessu við, en sagði að ég skyldi hafa tal af yfirlækni heyrnarstöðvarinnar í Odense á Fjóni, dr. Cristian Røjskjær, sem skipulagt hefði starf til hjálpar heyrnarusum í Grænlandi. Hann yrði væntanlega á ferð á Íslandi á leið frá Grænlandi í september 1962. Ég gerði þetta og tók dr. Røjskjær mér með mikilli vinsemd. Grænlandsferðir eru svo háðar náttúruöflum, að ekki var unnt að ákveða nokkurn tíma um ferðalag hans. En þegar hann yrði á Íslandi, kannski í september, skyldi hann með ánægju halda fyrirlestur um heyrnarmál. Dr. Røjskjær gerði ráð fyrir að vera í Reykjavík 10 daga og hitta konu sína hér, en allt væri enn óákveðið um hvar þau myndu búa og spurði hann hvort ég hefði nokkra tillögu um það. Ég bauð þeim strax að búa hjá mér, þar sem ég bjó í Tjarnargötu 24 með útsýni yfir Tjörnina og til Esjunnar. Hjónin þyrftu ekki einu sinni að fara út til að njóta fegurðar septemberkvöldanna hér.

Fyrirlesturinn var haldinn í Háskóla Íslands 11. september 1962 og bauð klúbburinn þangað áhrifamönnum um þessi mál og fékk ég einnig tækifæri til að njóta þeirra á heimili mínu að fyrirlestrinum loknum.

Fyrirlesturinn vakti mikla athygli. Hvert sæti í kennslustofu Háskólans var skipað og margar fyrirspurnir komu frá áheyrendum. Sama dag birtist grein í Morgunblaðinu um málið:

„EKKI RÁÐ NEMA Í TÍMA SÉ TEKID.“

Háskólafyrirlestur um heyrnarmál.

Í kvöld kl. 20.30 mun danski heyrnarsérfræðingurinn dr. med Christian Røjskjær halda fyrirlestur fyrir almenning um heyrnarhjálp barna í l. kennslustofu Háskólans. Fyrirlestur þessi er fluttur á vegum Zontaklúbbs Reykjavíkur, sem borið hefur

þessi mál fyrir brjósti, og mun fyrirlesarinn beina orðum sínum til allra þeirra, sem hér eiga hlut að máli, kennara, hjúkrunarfólks, fóstura - og ekki síst til allra foreldra sem þetta mál kynni að snerta. Dr. Røjskjær kom hingað hinn 5. sept. frá Grænlandi, þar sem hann hefur dvalið undanfarna tvo mánuði við heyrnarrannsóknir á vegum danska ríkisins. Hér er hann í fríi ásamt konu sinni.

Dr. Røjskjær, sem er yfirlæknir og stjórnandi við Heyrnarlækningstöð danska ríkisins í Óðinsvéum á Fjóni, ræddi við fréttamenn s.l. laugardag á heimili Friede Briem, sem er formaður framkvæmdanefndar í þessum málum innan Zontaklúbbsins."

Nýjung í Danmörku.

Læknirinn greindi frá starfsemi og nýjungum á þessu sviði í Danmörku, en frá árinu 1950 hefur heyrnarhjálparstarfi þar í landi fleygt fram og eru nú starfandi þar þrjár fullkomnar heyrnarhjálparstöðvar með fjölmennu og sérmenntuðu starfsliði, í Kaupmannahöfn, Óðinsvéum og Árósum.

Þessar heyrnarlækningastöðvar starfa á vegum danska ríkisins í nánu sambandi við skóla og kennara. Í hverjum bæ er starfandi heyrnarsérfræðingur í sambandi við næstu heyrnarlækningastöð. Aðaláherslan er lögð á að finna hin heyrnarðaufu börn sem allra fyrst. Þegar þau eru komin í skóla 6-7 ára gömul og reynast óhæf til að til-einka sér venjulegt nám vegna heyrnardeyfu, er það ráð alloft seint í tíma tekið að leita læknis, þó að betra sé seint en aldrei.

Á aldrinum 2-5 ára.

Það er á aldrinum 2-5 ára sem börnin þurfa að þroska hæfileikann til að tala og til að svo geti orðið verða þau auðvitað að geta heyrt það sem þeir eldri á heimilinu - pabbi og mamma - segja. Sé heyrnin á þessu tímabili ævinnar lítil eða ófullkomin, er illt í efni.

Hlutverk foreldra.

Hlutverk foreldra í þessu efni er þess vegna ákaflega mikilvægt, sagði dr. Røjskjær - að þeir séu vel á verði að leita læknis nógu fljótt - bíða ekki þangað til barnið kemst á skólaaldur, ef þeir hafa grun um að heyrn barnsins sé ekki í fullkomnu lagi. Sé komið með barnið til lækn-ingar nógu snemma og heyrnardeyfa þess ekki á mjög háu stigi, er því oftast hægt að veita því fullan bata með viðeigandi aðferðum - og forða því þannig frá andlegri þeklun, sem ella kynni að verða hlut-

skipti þess og mörgum reynist þungbær.

Við heyrnarmælingar í dönskum skólum kom í ljós, að 5-6% barna á aldrinum 7-14 ára reyndust með meira eða minna skerta heyrn. Um 4% þessara barna reyndist unnt að lækna. Öll læknishjálp hinna dönsku heyrnarlækningastöðva er veitt ókeypis, jafnvel þótt sjúklingurinn njóti hennar alla ævi.

Á næstunni verða tekin í notkun í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur heyrnarmælitæki samskonar og notuð eru við starfsemi hinna dönsku heyrnarlækningastöðva og hefir dr. Røjskjær þessa daga sem hann hefur dvalið hér í Reykjavík fylgst með undirbúningi þessarar starfsemi hér, sem vona má, að marki upphafið að skipulögðu lækninga og eftirlitsstarfi á þessu sviði.

Zontaklúbbur Reykjavíkur gaf fé til kaupa á þessum tækjum og kostar klúbburinn sérnám íslenskrar fósturu úti í Danmörku, ungfrú Maríu Kjeld, í meðferð þeirra. Þá er einnig í ráði, að hafnar verði skipulagðar heyrnarmælingar í barnaskólunum hér og mun ungfrú Kjeld einnig koma þar til liðs. Þá leitaði félagið þegar í upphafi þessara framkvæmda, samráðs og samvinnu við Erling Þorsteinson, eyrnalækni, og mun hann starfa sem læknir hinnar nýju heyrnamælingastöðvar.

Dr. Jón Sigurðsson borgaryfirlæknir og aðrir forráðamenn Heilsuverndarstöðvarinnar hafa sýnt mikinn áhuga og lipurð við undirbúning og framkvæmd þessa máls og kann Zontaklúbburinn þeim þakkir fyrir. Mun félagið vinna áfram að framgangi þessa velferðarmáls."

Stuðningur sá sem dr. Røjskjær veitti Zontaklúbbnum með komu sinni hingað var ómetanlegur, ekki síst vegna þess að nú var stefnt að því að opna heyrnarstöð í Heilsuverndarstöðinni þetta sama haust. Borgarlæknir, dr. Jón Sigurðsson, og stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur höfðu hug á að þiggja tækjagjöf Zontaklúbbsins og gafst nú gullið tækifæri til að leita ráða hjá forstöðumanni heyrnarstöðvar um framkvæmd og fyrirkomulag á sams konar starfi og nú skyldi hefjast. Hér var aufúsugestur á ferð með mikla reynslu í háls- nef- og eyrnalækningum og mikill áhugamaður á því hjálpar- og uppeldisstarfi heyrnarskertra barna, sem nú fór fram í Danmörku. Ráðleggingar hans komu að góðum notum. Dr. Røjskjær óskaði starfi nýju heyrnarstöðvarinnar giftu og velgengni og vonaði að hann ætti eftir að heimsækja stofnunina á leið sinni til og frá Grænlandi.

8. Heyrnarstöð fyrir yngstu börnin opnuð.

Heyrnarstöðin tók síðan til starfa undir stjórn Erlings Þorsteinssonar í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 01.11.62. María Kjeld var ráðin til starfa við heyrnarmælingar og meðferð heyrnarskertra barna. Grundvöllurinn var lagður og starfið hafið. Nú gátu foreldrar leitað til stöðvarinnar með ung börn sín, ef heyrnardeyfu hafði orðið vart hjá þeim. Nú var í fyrsta sinn unnt að mæla heyrn þeirra nákvæmlega og veita þeim sérhæfða hjálp á þessu sviði.

En áfram var haldið. Bodil Willemoes ætlaði vorið 1963 til Bandaríkjanna í fyrirlestrarferð. Einnig ætlaði hún að heimsækja heyrnarstöðvar og stakk hún upp á því að María Kjeld væri með henni, ekki síst vegna þess hversu hentugt það væri fyrir hana að fylgjast með nýjungum núna eftir að hún væri tekin til starfa á heyrnarstöðinni. María hafði áhuga á þessu og veitti Zontaklúbburinn henni nokkurn styrk til fararinnar. Þótti klúbbum að betri örvun í nýbyrjuðu starfi væri tæplega hægt að fá og sumrinu eyddi hún í Bandaríkjunum með Bodil Willemoes.

9. Ole Bentzen heldur háskólafyrirlestur.

Þótt mikilvægum áfanga væri náð með stofnun heyrnarstöðvar, mátti ekki láta staðar numið. Varð að ráði árið 1964, að leitað var hófanna hjá formanni Barnaverndarfélag Reykjavíkur, dr. Matthíasi Jónassyni, um það hvort ekki væri áhugi fyrir því að félagið og Zontaklúbbur Reykjavíkur stæðu saman fyrir fyrirlestrahaldi um fötluð börn og samfélagið. Ekki síst um þá fötlun, sem heyrnarskerðing er.

Þessari tillögu var mjög vel tekið af Barnaverndarfélaginu og var mér falið að skrifa dr. Bentzen og bjóða honum hingað til fyrirlestrarhalds. Ef dr. Bentzen gæti tekið þessu boði, álitum við að júnímánuður væri ákjósan-

legur. Var það ekki síst vegna þess að fyrir dyrum stóðu 6.-7. júní fundahöld uppeldisfræðinga alls staðar að af landinu. Svar barst frá dr. Bentzen og þakkaði hann boðið og sagðist með ánægju koma á tilsettum tíma. Ákveðið var að fyrirlesturinn skyldi haldinn í hátíðasal Háskóla Íslands 8. júní kl. 20.30. Fyrirlesturinn fylgir hér á eftir. Titill fyrirlestursins var: De handicappede og samfundet.

Fru præsident,
mine damer og herrer.

Det er mig en stor ære at få lov til fra denne talerstol at fremsætte nogle synspunkter om de handicappede og samfundet. Jeg vil allerførst takke Barnaverndarfélag Reykjavíkur og Zonta-klubben Reykjavik for Deres venlige inbydelse til mig. Jeg har i de forløbne dage her i Deres skønne land haft lejlighed til at tale med psykologer, læger og pædagoger og overalt mærket den store interesse, de er for dette problem, er problem der i de sidste 8-10 år har meldt sig i det ene land efter det andet.

Er der noget problem mellem de handicappede og samfundet?

Er skolevæsenet rundt i Europa netop ikke indstillet på at bygge specialskoler og institutioner?

Der dannes foreninger til hjælp for polioramte og der indsamles penge til døve og blinde og appelleres til vores forståelse for alle handicappedes problemer.

Der bygges alderdomshjem til folk over 65 år.

Man kunne med rette spørge: "om der ikke gøres nok?"

Jeg vil hertil svare: "At der gøres for meget på de forkerte steder", at vi anskuer problemet alt for vanskeligt.

Jeg vil i det følgende forsøge at vise Dem, hvad jeg mener med, at vi tager alt for unaturligt på et naturligt problem. Det må erindres, at der i samfundet som helhed er 5-10%, der er anderledes, - der har en defekt - der har et handicap.

Med hensyn til vores indtryk af antallet af de handicappede anlægger vi et altfor pessimistisk syn:

Når vi tænker på de høreskadede, kalder vi dem døve, men glemmer at langt den største part såvel af børn som af voksne er tunghøre, de har alle nogen hørelse, som man kan behandle, d.v.s. støtte med protese, i dette tilfælde høreapparat til begge ører. De synssvækkede kalder vi blinde, men det er meget sjældent, at de slet intet kan

se. Der er for eksempel for børnenes vedkommende en langt større gruppe, der har svagt syn, som med de rigtige briller og den rigtige belysning kan følge undervisningen i den normale skole.

Vi taler om åndssvage og tænker hermed oftest på den meget lille gruppe af dybt åndssvage. Prof. dr. Tómas Helgason, der netop i dag har forsvaret sin disputats på Aarhus Universitet, har blandt islændinge født 1895-1897, og som var i live 1. dec. 1910 - ialt 5495 personer, fundet, at der både hos kvinder og mænd var 3-4% med begrænsede åndsevner, men kun 1/2% egentlige åndssvage.

Gennem mange år har ikke mindst specialisterne ment, at man skulle centralisere de handicappede i specielle institutioner - fagfolkene har først og fremmest hæftet sig ved det handicappede barns defekt og glemt, at det først og fremmest er et barn.

Foreninger for døve, blinde, spastikere og polio-ramte har kæmpet for hver deres lille cirkel med det resultat, at de er kommet til at konkurrere indbyrdes. De har alt for eensidigt lagt vægten på den defekt, foreningen repræsenterer og glemt, at der er meget mere, der samler de forskellige former for defekter end der er forhold, der skiller dem.

Samfundets og dets medlemmer, der ikke er vokset op i barndommen og ungdommen sammen med handicappede børn som almindelige legekammerater, er blevet fremmed for deres problemer, som de kun mere eller mindre bliver gjort opmærksom på, når der iværksættes indsamlinger og laves good-will offenser. Dermed har mange fået det indtryk, at man kan betale sig fra det, eller lade staten på sine vegne betale sig til en god samvittighed. Baggrunden for det hidtige indsats har været medlidenhed, men det er netop det, den handicappede har mindst brug for.

Gennem de sidste 30-40 år er der imidlertid forældre til disse børn, en del psykologer, læger og pædagoger, ikke mindst børnehavelærere, der har indset fejlen i den fremherskende instilling. Disse mennesker politikere og gangske almindelige borgere.

Disse mennesker har indset:

For det første: At den handicappede først og fremmest er et almindeligt menneske med en defekt, der hedder ikke et handicappet barn, men et barn med et handicap.

For det andet: At samfundet må indstilles og opdrages til denne anskuelse, først og fremmest ved at lade de handicappede børn vokse op blandt normale børn i børnehave, folkeskole, spejdergrupper, højere læreanstalter og på arbejdspladser.

For det tredje: At vi alle kan blive far eller mor til et handicappet barn, eller at vi selv efter ulykkestilfælde eller sygdom kan blive udskrevet fra sygehus med sådanne begrænsninger i vore personlige muligheder, at vores arbejdsplads må væri indstillet på at ændre holdning og indstilling, for at vi igen kan optage vores plads i tilværelsen.

For det fjerde: At vi eftir 65 til 70 års alderen kan få den høje alders handicap, en situation, der ikke alene kan løses ved folkepension og alderdomshjem. De gamle må så vidt muligt fortsætte deres tilværelse blandt samfundets øvrige borgere.

Jeg sagde før at de handicappede ikke haven brug for medlidenhed - men hvad da? - de har brug for inspirerende aktivitet.

Jeg deltog for 8 dage siden i en rundbordskonference i Oslo, hvori der deltog forældre til handicappede børn. Der blev indledningsvis fra nogle af fagfolkenes side sagt, at de savnede den og den gruppe diskussionsdeltagere. Jeg replicerede, at det forsåvidt var rigtigt, men vi havde til gengæld de mennesker med, som vi næsten altid tilligere havde savnet - forældrene. Konferencen blev en stor succes, netop fordi forældrene kraftigt pegede på problemerne.

Forældrene sagde, at de ville beholde deres børn hjemme, og til myndighederne formulerede de spørgsmålet "Hvordan agter myndighederne at hjælpe vores børn i skolen, de børn, som vi vil beholde hjemme?"

Har vi mulighed for at kunne opfylde forældrenes ønsker?

De danske repræsentanter kunne fastslå, at de handicappede skolebørn ikke er, hvad de har været. Inspireret af synspunkter og erfaringer fra England har man påbegyndt revalideringen af små børn frá 8 til 10 måneders alderen. For eksempel for de døve børns vedkommende med at give dem høreapparater fra første leveår, med den resultat, at de kan lære at tale som deres jævnaldrende, lære modersmålet i et sådant omfang, at de kan følge den almindelige skoles specialundervisning. De almindelige principper for denne revalidering er:

1. Tidlig registrering, undersøgelse, diagnose og forslag til et behandlingsprogram. For Islands vedkommende ville en fælles indsats af foreninger for handicappede med størst succes kunne yde deres økonomiske støtte til opbygning af et undersøgelses- og behandlingscenter for handicappede børn. En institution, omfattende alle former for defekte børn, der i dag ikke findes i Europa.
2. Forældrevejledere. Helsesøstre, der i bil

kan besøge hjemmene, stimulere forældrene og indsamle den viden, forældrene kan give os. Vi må huske, at de er nogle af de bedste lærermestre, fagfolkene kan få.

3. Børnehaver med normale børn. Der kan ikke være ventetid for handicappede børn i de normale børnehaver hvor:
de døve og tunghøre med deres høreapparater fra 8-10 måneders alderen bliver bombarderet med sprog.
De blinde og svagtsynede børn lærer at klare sig blandt de normale jævnaldrende.
De adfærdsforstyrrede og evnesvage børn lærer at opføre sig mere intelligent. At være intelligent er at opføre sig intelligent.
For forståelsen af børnehavens fundamentale betydning må det erindres:
 - At man skal være barn for helt at kunne acceptere et individ, er anderledes. Det er ikke de almindelige børn, der har noget imod.
 - At dele bæk med et handicappet barn, der er de almindelige børns forældre, der ikke forstår det.
 - At det er de jævnaldrende børn, der er de andres lærermestre.
 - At de almindelige børn gennem samlivet med de handicappede vokser op med forståelsen, af at et samfund kun er normalt, hvis 5-10% af dets medlemmer er anderledes.
 - At man har tre patienter, faderen, moderen og barnet, og at de alle tre bliver hjulpet, når lægen så tidligt som muligt anlægger et behandlingsprogram. Gennem forældrevejledningen i hjemmet og ved moderens besøg i børnehaven støttes forældrene.
4. I skolen må de handicappede oplæres blandt deres almindelige kammerater, enten oplæres i deres egen skole, hvor læreren kan få hjælp af undervisningsministeriets konsulent i specialundervisning, der i bil berejser landet, eller i specialklasser spredt udover skolesystemet, så de i frikvarterer og i specielle fag kan være sammen med de almindelige børn. De skal undervises af speciallærere, der udover specielt kendskab til visse undervisningsformer først og fremmest anskuer eleven som et normalt individ, stiller krav til ham og derved hjælper ham frem. Speciallæreren må dagligt eller flere gange om ugen undervise normale børn, fordi han kun derigennem kan kvalificere sig til at undervise de handicappede børn.
Hvis det af geografisk eller anden årsag er nødvendigt at have de handicappede på internat-skole, bør de placeres på en kostskole, der også

optager normale børn, så de handicappede i deres fritid kan leve blandt og lære af de almindelige børn.

Hvis det er nødvendigt at have polioramte eller spastiske børn på særlige behandlings-hjem, skal de med bus hver dag køres til en normal skole, disse børn skal også have en skolevej, også have kammerater blandt de almindelige børn.

De handicappede børn skal kunne nyde godt af hele det undervisningssystem, der findes i det almindelige skolevæsen. Dette er særligt vigtigt, fordi børn med defekter har brug for stor teoretisk uddannelse, desto større jo sværere deres handicapper.

5. Ved efterskoleuddannelse og højere læreanstalter må der åbnes muligheder for at de kan følge undervisning sammen med deres raske kammerater. Der bør være rådighed over lærere med specielt kendskab til specialundervisning, der kan støtte dem. Der bør ikke bygges kollegier udelukkende for handicappede, men det ville være rimeligt om f.eks. 5% af pladserne i kollegierne først og fremmest var beregnet for studerende med handicap. Ikke mindst for de lægestuderende og eleverne på seminarierne vil det være af stor betydning af stifte bekendtskab med de handicappedes problemer gennem samværet med dem i studietiden. For seminariernes vedkommende bør klasser med specialundervisning indgå som øvelsesklasser.

Til disse synspunkter kunne man indvende, at det var skrifbordsfantasi, det var det for 3 år siden, men ikke i dag. I Danmark nærmere bestemt ved skolevæsenet i Herning, der ligger midt i vores største amt, har der de sidste 3 år været etableret specialklasser i normal-skolen. Der findes i dag 2 klasser for spastikere, 5 for høredefekte, 2 for synsdefekte, foruden 3 taleklasser og 2 læreklasser med ialt 89 handicappede elever, der dagligt rejser frem og tilbage til deres hjem. Dette forsøg har allerede bestået sin prøve, og efter at den danske socialminister og undervisningsminister for nylig har aflagt besøg, er der nu planlagt ialt 10 sådanne centre for specialundervisning i folkeskolen spredt uover hele Danmark.

Fra U.S.A. meldes der om lignende erfaringer. På Graham Bell skolen i Chicago går 350 døve eller blinde børn sammen med 400 almindelige børn. De blinde børn lærer blindeskrift fra 3-4 års alderen og får, når de optages i skolen, stillet en normalt jævnaldrende til rådighed som guide.

Ved skolesystemet i Reading, der ligger vest for

London, har man de sidste 3-4 år optaget tunghøre og døve børn i den almindelige skole. Efter færre eller flere års specialundervisning er mange af eleverne i stand til at følge undervisningen i normalklasserne. De har alle været forsynet med høreapparater fra deres tidligste leveår og gennem opholdet i eget hjem og eventuelt børnehaver har de lært så meget af deres modersmål, at de kan følge skolen. Dette system har medført, at man allerede har kunnet lukke en døveskole, og det var vist sig, at de handicappede børns tilstedeværelse i folkeskolen har medført, at alle skolens lærere føler sig ansvarlige og umiddelbart forstår deres problemer. Erfaringer, der er helt på linie med dem, man har set blandt hele lærerstaben ved skolevæsenet i Herning.

Ved omtalen af disse retningslinier for moderne revalidering af handicappede børn i Norge blev jeg mødt med den indvending, at et sådant system kun kunne opbygges i et tætbeboet land med gode rejsemuligheder. Dertil svarede jeg, at den norske geografi netop stillede krav til folkeskolen om at skabe det decentraliserede undervisningssystem, der kunne sikre, at det handicappede barn kunne forblive i sit hjem. Der var netop her brug for forældrevejledere, der i bil kunne besøge hjemmene og rejselærere, der kunne hjælpe deres kolleger tilrette med undervisningen af handicappede børn i deres egne skoler. Et system, der også er i udvikling i England.

For Islands vedkommende er ganske det samme nødvendigt. Gribes revalideringen af handicappede småbørn og skolebørn rigtigt an, med hovedvægten lagt på børnenes integration i det almindelige samfund og et decentraliseret undervisningssystem, vil det en skønne dag blive islandske læger, lærere og psykologer, der kan rejse ud og fortælle andre lande, hvordan opgaven kan lykkes i et land, hvor de geografiske forhold kun tillader et decentraliseret system, et system der vil være til ligeså stor gavn for de handicappede som for de normale, og i det hele til reducere problemerne om den handicappede og samfundet."

Talaði dr. Bentzen þarna fyrir fullu húsi áheyrenda, enda hafði Barnaverndarfélagið séð um allan undirbúning og útsendingu boðskorta. Þarna var úrval lærðra manna, sem áhuga hafði á málum fatlaðra barna og allri velferð þeirra. Heiðursfélagi Zontaklúbbsins, Dóra Þórhallsdóttir forsetafrú, var meðal gesta í hátíðarsalnum þetta kvöld. Veit ég að þarna var ekki talað fyrir daufum eyrum.

Þennan sama dag var einnig hátíðisdagur í háskólanum í Árósum. Frændi minn, Tómas Helgason, varði doktorsritgerð sína, sem byggðist á rannsóknum um geðheilsu yfir 5000 Íslendinga, sem fæddir voru á árunum 1895-1897. Dr. Bentzen vitnaði í ritgerð Tómasar og sló þessi atburður bjarma á þessa kvöldstund fyrir mér.

Bentzenshjónin, dr. Matthías og ég áttum eftir að njóta gestrisni forsetahjónanna á Bessastöðum, sem tóku á móti okkur glaðvær og elskuleg. Frú Dóra var nýbúin að leggja frá sér hrífuna á þessum sólbjarta degi, því sláttur hafði hafist þennan dag. Það hafði ævinlega verið siður í Laufási hjá föður hennar, Þórhalli biskupi, að börnin væru send út á tún til að raka fyrsta dag sláttar. Frú Dóru var þessi siður tamur og tók hann upp þegar hún kom til Bessastaða. Lengi býr að fyrstu gerð og bar roði í kinnum forsetafrúarinnar vott um það. Býst ég við að ekkert okkar gleymi þessum degi á Bessastöðum.

En dr. Bentzen lá ekki á liði sínu á meðan hann dvaldi hér. Fyrst hélt hann fyrirlestur í Landspítalanum fyrir læknanema og hjúkrunarlið. Síðan var farið í Heilsuverndarstöðina og heyrnardeildin heimsótt, talað við forstöðukonuna, Sigrúnu Magnúsdóttur, og síðan fundað með Hauki Benediktssyni forstjóra stöðvarinnar. Heimsóknin var skipulögð af borgarlækni, dr. Jóni Sigurðssyni, sem bauð okkur öllum til hádegisverðar, þar sem lögð voru á ráðin um framhald starfseminnar í heyrnardeildinni.

Næsta dag hélt dr. Bentzen fyrirlestur í Fóstrufélagi Íslands. Hann hvatti fóstrurnar til að taka fötluð börn inn í leikskólana og dagheimilin með heilbrigðum börnum eftir því sem mögulegt væri. Reynslan sem fengin væri af slíku, bæði í Englandi og á Norðurlöndum, glæddi vonir um, að börnin fengju síðar að lifa eðlilegu lífi með hvatningu frá fóstrunum og hinum heilbrigðu leikfélögum þeirra og slyppu þannig við að lenda á einangruðum stofnunum.

Þarna urðu áhugaverðar umræður, ekki síst vegna þess að þekkt fóstra frá Noregi tók þátt í þessum fundi. Var þar Guðrún Briem Hilt, sem er fóstra að mennt og hafði

tekið mikinn þátt í þjálfunarstarfi heyrnardaufra barna í Osló. Guðrún á heimili sitt í Noregi þar sem hún er gift norskum myndhöggvara. Það var mikill ávinningur að hún skyldi vera þarna gestur. María Kjeld var dr. Bentzen til aðstoðar við spurningar og svör. Auðvitað heldur erfiðara mörgum að fyrirlesturinn fór fram á dönsku, en hann gerði þó án efa sitt gagn og lagði dr. Bentzen mikla áherslu á að foreldrar fatlaðra barna væru fræddir um mikilvægi þess að börnin kæmu ung í leikskólana. Lagði hann höfuðáherslu á það að þeirra eðlilegi tími til að mynda mál væri á mjög ungum aldri. Hann undirstrikaði að leikfélagarnir væru oft bestu lærifeðurnir. Hann bætti því við að nú væri bjartari tími framundan fyrir heyrnarskert börn vegna þess að í heyrnarstöðinni væri nú unnt að mæla heyrn barnanna og fá þeim heyrnartæki, sem hjálpaði þeim að notfæra sér þá litlu heyrn sem þau e.t.v. hefðu. Fór dr. Bentzen miklum viðurkenningarorðum um Maríu Kjeld og hæfileika hennar við að laða að sér börn og hjálpa foreldrum.

Nú fór að líða að brottför Bentzenshjónanna. Ferðin hafði í alla staði gengið vel og orðið okkur, sem að henni stóðum, og hjónunum til mikillar ánægju. Veðrið hafði verið eins og best var á kosið, svo landið okkar fékk að sýna hið sérkennilega fagra svipmót sitt.

Heimsókn dr. Bentzens reyndist stórkostleg hvatning til Zontaklúbbsins í starfi hans og vakti ekki síður áhuga almennings á nýjungum í uppeldi heyrnarskertra og annarra fatlaðra barna.

Það hjálpaði mjög að fjölmiðlar vöktu athygli á mál-efninu og lét ég hér með fylgja það sem skrifað var í tvö blaðanna:

„Það er ekki nóg að byrja, það verður að byrja rétt“

segir dr. Ole Bentzen frá Árósum, sérfræðingur í uppeldi fatlaðra barna.

Barnaverndarfélag Reykjavíkur og Zontaklúbburinn í Reykjavík hafa í sameiningu boðið hingað til fyrirlestrahalds kunnum sérfræðingi í meðferð og uppeldi fatlaðra barna, próf. dr. Ole Bentzen frá Árósum.

Dr. Bentzen hefur verið í ráðum með stjórn Zontaklúbbsins um að koma upp rannsóknarstöð fyrir heyrnargalla á ungum börnum. Stöð þessi hefur nú starfað um nokkurt skeið og er til húsa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Zontaklúbburinn hefur gefið til hennar öll tæki og kostað stúlku til náms erlendis til að læra meðferð þeirra.

Dr. Bentzen er læknir að menn, sérfræðingur í hálsnef- og eyrnasjúkdómum. Hann er nú yfirlæknir við heyrnarhjálparmiðstöðina í Árósum og hefur unnið merkilegt brautryðjendastarf í Danmörku, einkum að því er varðar skipulagningu uppeldis fatlaðra barna. Hann hefur einnig ferðast mjög víða og flutt fyrirlestra um fötluð börn og þá uppeldisaðferð sem hann telur henta þeim best.

Dr. Bentzen er þeirrar skoðunar að ekki megi einangra hið fatlaða barn frá samvistum og samfélagi við heilbrigð börn og annað heilbrigt fólk. Telur prófessorinn að hið fatlaða barn eigi að alast sem mest upp í eðlilegu samfélagi, þannig að það verði sjálft sem minnst vart við fötlun sína. Þannig eigi til dæmis hið blindi eða heyrnardaufa barn ekki að fá kennslu eingöngu í sérskólum heldur að svo miklu leyti, sem það er framkvæmanlegt, með öðrum heilbrigðum börnum.

Dr. Bentzen leggur á það ríka áherslu, að það geti háð þroska barns verulega ef það gefi of mikinn gaum að fötlun sinni og sé of mikið eitt sér eða með öðrum sínum líkum. Fötluð börn eigi að venjast samvistum við heilbrigð börn frá fyrsta fari og hin góðu áhrif af þeirri viðkynningu séu gagnkvæm. Segir prófessorinn að hin sálræna fötlun sem af því leiði að barn sé of mikið eitt með fötlun sinni, reynist því miklu meiri háski en fötlunin sjálf, sem oft sé ekki nema smávægilegur líkamlegur galli sem auðvelt sé að ráða bót á.

Fyrirlestur próf. dr. Ole Bentzen verður í hátíðasal Háskólans á Mánudagskvöld kl. 8.30 og ber heitið "Det handicappede barn og samfundet" (Hið fatlaða barn og þjóðfélagið).

Dr. Matthías Jónasson, formaður Barnaverndarfélags Íslands kvað félaginu og Zontaklúbbum mikill styrkur í heimsókn prófessorsins og aðstoð hans áður. Starfsemi félaganna á þessu sviði væri nýbyrjuð hér á landi og væri ekki vanþörf á sérfræðilegri aðstoð. "Það skiptir miklu að rétt sé af stað farið", sagði dr. Matthías, "og við erum próf. dr. Ole Bentzen mjög þakklát fyrir komuna hingað og allt hans liðsinni."

Morgunblaðið 7. júní 1964.

„Samtal við danska prófessorinn dr. Ole Bentzen, yfirlækni og stjórnanda Heyrnarlækningastöðvar danska ríkisins í Árósum.

VANHEILU BÖRNIN LÆRA BEST AF HEILBRIGÐUM JAFNÖLDNUM SÍNUM.

„Það er ekki í mínum verkahring að sækjast eftir vinsældum“, segir dr. með. Ole Bentzen, og stóru bláu augun hans skjóta gneistum af ákafa. „Hins vegar heyrir undir mig að hafa á réttu að standa. Og við förum ekki með neitt fleipur - við höfum margra ára reynslu að baki og vitum orðið vel hvað við erum að tala“.

Þótt orðalagið sé ákveðið, er dr. Bentzen ljúf-mennskan uppmáluð og einstaklega elskulegur í allri framkomu. En þegar hreyft er við hans miklu hugsjón, kemur eldheitur baráttumaður í ljós. Og hann fer ekki dult með þá skoðun sína, að almenningur megi gjarnan hrísta af sér slenið og sýna líflegri áhuga á hvers kyns þjóðfélagslegum umbótastörfum.

Hann er yfirlæknir og stjórnandi Heyrnarlækningastöðvar danska ríkisins í Árósum, sérfræðingur að mennt í háls- nef- og eyrnasjúkdómum, ötull starfsmaður WHO (World Health Organization) og ber ótakmarkaða umhyggju fyrir öllum þeim sem eiga í erfiðleikum með að samlagast þjóðfélaginu sökum einhvers konar andlegra eða líkamlegra vaneilinda. Einkum leggur hann þó rækt við börnin, og það er sérgrein hans að rannsaka heyrnardauf börn, úrskurða á hvern hátt þeim verði best hjálpað og stuðla að því að þau geti lifað eðlilegu lífi innan um heilbrigða jafnaldra sína, en þurfi ekki að alast upp á sérstökum hælum og útilokast þannig úr venjulegu samfélagi.

Hver er fullkomlega normal?

„Ef mig langar að læra íslensku þá reyni ég að komast til Íslands“, segir hann. „Og ef ég vil læra frönsku, er það hvergi auðveldara en í Frakklandi. Börn, sem þurfa að læra að tala sitt eigið móðurmál, gera það hvergi betur en innan um talandi fólk og og talandi börn; málleysingjar læra ekki að tala af öðrum málleysingjum. Heyrnardauf börn þurfa fyrst og fremst á tvennu að halda: Að þau séu tekin til skoðunar nógu snemma og fái góð heyrnartæki sem allra fyrst, og að þau alist upp í frjálsu samfélagi við önnur börn, gangi í venjulega skóla og séu ekki álitin „öðruvísi“ en annað fólk. Hver er svo sem fullkomlega normal? Okkur vantar öll eitthvað til að vera fullkomlega úr garði gerð andlega og líkamlega en það ber mismikið á vöntunum okkar. Í normal þjóðfélagi eru um það bil 10% af þegnum með

einhverjar meðfæddar veilir - blindir, heyrnardaufir, vanskapaðir, vangefnir o.s.frv. - svo að enginn skóli getur verið normal, nema hlutfallstalan sé álíka í honum, og ekkert fyrirtæki, ekkert félag. Og ef börnin venjast því strax frá byrjun að umgangast jafnaldra sína, sem ef til vill eru fæddir með einhverjar af þessum veilum, taka þau það eins og sjálfsagðan hlut og finnst það ekkert undarlegt. Þá er heldur engin hætt á að þau verði síðar á ævinni óeðlileg í framkomu við fólk, sem á við slíka veikleika að stríða, sýni því yfirdrifna vorkunnsemi eða reyni jafnvel að forðast það".

Hálfs árs börn með heyrnartæki.

„Þér sögðuð, að það væri mikilvægt að taka börn til skoðunar nógu snemma - hvað er "nógu snemma"?

„Eins fljótt og hægt er, þ.e.a.s. um leið og foreldrana grunar af viðbrögðum barnsins, að eitthvað sé að. Í flestum tilfellum er það reyndar móðirin, sem finnur það fyrst; mæður eru gæddar furðulegum næmleika gagnvart börnum sínum - pabbinn er oft of stoltur til að vilja viðurkenna, að eitthvað geti verið að hans barni. Það er best að fá barnið svona sex mánaða til eins árs, a.m.k. sem fyrst eftir þann aldur."

„Geta svo ung börn haft heyrnartæki"?

„Ég er nú hræddur um það. Hitt er voðalegur mis- skilningur að bíða þangað til barnið er orðið 4-5 ára, því að þá missir það úr þann dýrmæta tíma, sem það getur lært mest og á auðveldastan hátt."

„Þarf ekki að leiðbeina foreldrunum, hvernig best verði farið með barnið"?

„Jú, sannarlega. Það er eins gott að gera sér grein fyrir því, að í hverju einstöku tilfelli er um þrjá sjúklinga að ræða: Barnið, móðurina og föðurinn. Og foreldrarnir þarfnast miklu rækilegri læknishjálp- ar en barnið". Við verðum alltaf að taka fjölskylduna sem heild og gera okkur ljóst, að það eru ekki síður foreldrar og ættingjar, sem þurfa aðstoðar við, en barnið. Þeir verða að geta leitað ráða hjá sérmenntuðu fólki og fengið leiðbeiningar varðandi öll þau vandamál, sem upp kunna að koma, og auðvitað eru þau margvísleg. Öll höfum við þörf fyrir gott heimili, en enginn þó eins og vanheilu börnin. Það er óendanlega þýðingarmikið, að þau fái að alast upp á ástríku heimili og auk þess er það þroskandi fyrir fullheilbriggt fólk og börn að umgangast þá, sem verr eru settir. Enginn veit heldur, hvenær hann kann sjálfur að veikjast hættulega eða verða fyrir slysi, og við vitum, hvað það er uppörvandi fyrir sjúkling, sem útskrifaður er af spítala, að geta aftur farið að lifa eðlilegu lífi, taka upp fyrri störf, og umgangast sömu vinnufélagana og áður. Sama á við um börnin, og þess vegna leggjum við áherslu á, að heyrnardauf börn umgangist heilbrigða jafnaldra sína

í leikskólanum allt frá tveggja og hálfs til þriggja ára að aldri. Þau læra langmest af leikfélögum sínum og venjast þannig frá byrjun umgengni við börn á sínu reki, svo að þau eru alveg ófeimin, þegar þau hefja hina almennu skólagöngu".

"En geta þau fylgst með í venjulegum tímum?"

"Nei, í sumum námsgreinum eru þau í sérstökum bekkjum, en í öðrum eins og t.d. leikfimi, sundi o.s.frv. blandast þau aftur hópnum, að maður tali ekki um frímínútur og alla sameiginlega leiki".

Heyrnardeyfa sjaldan arfgeng.

"Verða þau aldrei fyrir stríðni eða aðkasti hinna barnanna?"

"Ekki meira en eðlilegt getur talist hjá krökkum almennt. Það væri heldur ekki heppilegt að umgangast þau eins og viðkvæmar gróðurhúsaplöntur. En reynslan hefur sýnt, að ef einhverjir krakkar hafa ætlað að taka þau fyrir, þá hafa aðrir úr hópnum tekið upp vörnina fyrir þau og orðið hinir verstu viðureignar." "Mynduð þér segja, að heyrnardeyfa væri í mörgum tilfellum tekin að erfðum?"

"Nei, langfæstum. Það er eiginlega alger undantekning. Oftast stafar hún af einhvers konar veikindum á meðgöngutímum, t.d. rauðum hundum, eða erfiðri fæðingu. Því er hún mjög sjaldan arfgeng."

"Finnst börnunum ekkert leiðinlegt að þurfa að ganga með heyrnartæki, sérstaklega þegar þau fara að stækka?"

"Nei, þvert á móti og það er einmitt afar þýðingarmikið frá sálrænu sjónarmiði, að þau beri þetta auðkenni veilu sinnar. Annars gæti komið fyrir, að fólk héldi að þau væru eitthvað sljó eða aulaleg, ef þau fylgdust ekki með, hvað verið væri að segja, en um leið og það sér heyrnartækin, veit það ástæðuna og verður þeim mun nærgætnara við börnin."

"Ber nokkuð á, að foreldrum sé illa við að senda börn sín í leikskóla eða aðra skóla, þar sem sumir nemendurnir eru á einhvern hátt vanheilir?"

"Ojú, stöku sinnum hefur það skeð, að einhver frúin hafi sagt hneyksluð: „Hvað er þetta, á hann Pétur minn, algerlega heilbrigður, að þurfa að ganga í sama skóla og þetta barn?" Og þá hef ég svarað: „Nei, nei, það er alveg óþarfi - yður er velkomið að setja Pétur í annan skóla". En úr því hefur enn ekki orðið".

Svartur blettur.

"Þér viljið láta leggja niður alla sérskóla og stofnanir fyrir vanheil börn?"

"Ja, ég vil a.m.k. ekki að þau séu gerð útlæg úr þjóðfélaginu með því að einangra þau í sérstökum stofnunum. Aftur á móti þurfa þau að læra samhliða

venjulegu námi allt það sem kennt er í sérskólunum, og þar geta hinir sérmenntuðu kennarar unnið mikið gagn. Að mínum dómi á þetta við um alla þegna þjóðfélagsins, sem eiga í einhverjum erfiðleikum með að sinna venjulegum störfum eða samlagast með-bræðrum sínum - sjúklinga, lamaða menn og fatlaða, blinda, heyrnardaufa, vangefna, gamalmenni o.s.frv. Við megum ekki fleygja þeim burt, einangra þá í sérstökum stofnunum og skipta okkur ekki af þeim að öðru leyti - slíkt er svartur blettur á siðmenntuðu þjóðfélagi. Mér finnst mælikvarðinn á gildi siðmenningar hverrar þjóðar vera þessi: Hvernig höfum við okkur gagnvart þeim, sem verr eru settir en við sjálf?"

Vísir, 9. júní 1964.

10. Námsstyrkur til kennara boðinn fram.

Næsti áfangi í starfi Zontaklúbbsins var að bjóða fram námsstyrk til kennara, sem sérhæfði sig í smíði hlustarstykkja og kynnti sér leiðbeiningastarf við notkun heyrnartækja, bæði barna og unglunga. Þetta var aðkallandi, því annríkið á heyrnardeildinni fór sívaxandi. Hlustarstykki eru sérsmíðaðir plasttappar í eyru þeirra, sem brúka heyrnartæki. Tæki til mótunar hlustarstykkja og annað sem til þurfti voru ekki í heyrnardeildinni. Töluvert hafði nú saxast á Margrétarsjóð, svo nú þurfti að afla fjár.

Ákveðið var eftir mikla umhugsun og bollaleggingar að stofna til skemmtunar á Hótel Sögu síðar á árinu 1964. Undirbúningurinn hófst um haustið og stefnt var að því að halda skemmtunina í desember.

Mjög var vandað til skemmtunarinnar. Rúna Guðmundsdóttir, einn klúbbmeðlima, sá um tískusýningu á fatnaði frá verslun sinni Parísartískunni, en vegna síðari tíma finnst mér áhugavert að birta útdrátt úr grein sem birtist í Morgunblaðinu 12. desember 1964. Þar segir:

„Síðastliðið sunnudagskvöld var haldin á vegum Zontaklúbbsins í Reykjavík fjölmenn skemmtisamkoma að Hótel Sögu til styrktar markmiði félagsins, sem er að veita heyrnardaufum börnum sem mesta hugsanlega hjálp. Margt var þarna til skemmtunar, þar á meðal sýning á tískufatnaði, gamanþættir, sem þeir

Önnuðust Karl Guðmundsson og Ómar Ragnarsson, myndarlegt happdrætti o.fl. Fyrir dansi lék hljómsveit Svavars Gests og söngvarar voru Ragnar Bjarnason og Ellý Vilhjálms."

Tískusýningin var mjög fjölbreytt - sýnt allt frá undirfötum til síðra samkvæmiskjóra. Sýningarstúlkur voru átta og kom hver þeirra fram í sex mismunandi kjólum, náttkjólum og sloppum, ullar- og jerseykjólum og kvöldkjólum, og samkvæmiskjólum alls konar, síðum og stuttum.

Af þykkari ullarkjólum voru flestir úr íslensku, handofnu efni, margir í sauðalitunum, sem nú eru svo mjög vinsælir. Margir jerseykjólar voru sýndir, ýmist til hversdags- eða sparínotta. Voru betri kjólar margir skreyttir silkilíningum og böndum eða similíu- og perlusteinum. Sýnt var mikið og fjölbreytt úrval undirfata, náttkjóra og greiðslusloppa af gerðinni Kasper, og loks kvöldkjólar og samkvæmiskjólar, ýmist innfluttir eða saumaðir á saumastofu Parísartískunnar. Bar þar mikið á frönskum blúnduefnum og alsilkiefnum - og einnig lakkefni sem skreytingu. Margir voru kjólarnir skreyttir steinum, similíu - og perlum, gylltum útsaumi og knipplingum. Síðasti liður sýningarinnar voru samkvæmiskjólar - síðir. Voru þeir hver með sínu sniði og lit, svo sem sjá má á meðfylgjandi mynd, og var gerður að þessu góður rómur.

Í happdrætti Zontakvænna voru tugir glæsilegra vinninga, allt frá konfektkössum upp í vélakost, ýmiss konar, þ.á.m. hárpurrku og runnu happdrættismiðar út á örskammri stundu. Einnig seldu konurnar kerti og serviettur til stuðnings málefni sínu.

Í Zontaklúbbi Reykjavíkur eru 35 konur fulltrúar ýmissa starfshópa. Stjórn klúbbsins skipa nú: Friede Briem, formaður, Auður Proppé varaformaður, Rúna Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Vigdís Jónsdóttir, ritari og Elsa Guðjónsson, meðstjórnandi. Aðaláhugamál klúbbsins frá upphafi hefur verið aðstoð við heyrnardauf börn. Réðist klúbburinn í það fyrir nokkrum árum að afla fjár til kaupa á heyrnarmælitækjum, sem gefin voru Heilsuverndarstöð Reykjavíkur til notkunar við heyrnarmælingar smábarna. Einnig kostaði klúbburinn unga fósturu, Maríu Kjeld, til sérnáms í Danmörku í meðferð slíkra tækja. Nú hefur klúbburinn hug á að styrkja aðra stúlku til náms, þar eð þörf er fyrir fleira fólk til starfa - og hefur komið til tals hjá klúbbum að styrkja til sérnáms ungan kandidat, er kynni að hafa áhuga á því starfi, sem unnið er í heyrnarþjálfunarstöðvum á Norðurlöndum, einkum í Danmörku."

Skemmtunin jók sjóðinn verulega svo að í júní 1965 var hægt að bjóða fram fyrirhugaðan námsstyrk til kennara. Einnig var orðið fé í sjóðum til fyrrnefndra tækja-

kaupa. Styrkurinn var veittur Birgi Ás Guðmundssyni, ungum kennara, sem kennt hafði í 4 ár og verið í framhaldsnámi við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn í uppeldis og sálarfræði. Hann hafði auk þess kynnt sér kennslu fatlaðra barna í Danmörku. Hann hóf námið haustið 1965. Enn var dr. Bentzen hollvinur Zontaklúbbsins beðinn liðsinnis um skipulagningu námsins. Sá hann um það með litlum fyrirvara og útvegaði húsnæði að auki. Birgir Ás fékk hin bestu meðmæli frá yfirlækninum.

Von var á Birgi Ás snemma árs 1966 og þá fyrst þurftu öll nauðsynleg tæki að vera komin til landsins, það er brennsluofn, slípunartæki og ýmislegt efni til smíðinnar. Þörfin fyrir þessa þjónustu var mjög aðkallandi fyrir alla, sem nota heyrnartæki. Heyrnartækin koma ekki að fullum notum, nema hlustarstykkið falli nákvæmlega að hlustinni.

Nú höfðum við einnig áhuga á að útvega hjálpartæki sem notuð eru til að senda samtöl af leiksviði þráðlaust í heyrnartæki leikhúsgesta. Slík tæki eru einnig notuð í sérkennslustofum þar sem heyrnarskert börn njóta kennslu. Eins og vant var, þegar leitað var ásjár hjá dr. Bentzen, leit frekar út fyrir, að við værum að gera honum greiða en hann okkur. Þetta kerfi höfðum við hug á að færa Leikfélagi Reykjavíkur að gjöf á 70 ára afmæli félagsins 11. janúar 1967, en undirbúningur að þeirri gjöf var mjög mikill þar sem þetta var í fyrsta skipti sem slíkur búnaður var settur upp í leikhúsi á Íslandi. Zontaklúbburinn ætlaði að sjá um uppsetningu og útvega leiðbeiningar fyrir fagmenn sem verkið ynnu.

Birgir Ás Guðmundsson var ráðinn til starfa í heyrnarstöðinni 1. febrúar 1966 og þá var ofan nefndur útbúnaður til smíði hlustartækja færður heyrnarstöðinni að gjöf.

Skömmu eftir að Birgir tók til starfa, bættist heyrnarstöðinni nýr starfsmaður, Gylfi Baldursson, sem lokið hafði meistaraþrófi í talkennslu og heyrnarfræði við háskóla í Bandaríkjunum. Námið hafði hann stundað á

eigin vegum án nokkurs stuðnings Zontaklúbbsins. Nú var bjartara framundan, enda starfið sívaxandi. Gylfi Baldursson var ráðinn forstöðumaður og Birgir Ás ráðinn sem heyrnarfræðingur. Þetta kom sér einstaklega vel fyrir deildina, ekki síst vegna þess að María Kjeld hafði sagt starfi sínu lausu til að fara til framhaldsnáms í Noregi. Tóku þeir Birgir og Gylfi nú að sér að þjálfra unga fósturu við heyrnarmælingar og önnur störf í heyrnarstöðinni. Var það Kristín Guðmundsdóttir, sem reyndist á allan hátt þrýðilega og var einstaklega lagin og áhugasöm. Áður en langt um leið þurfti stöðin einnig á aðstoðarmanni að halda við smíði hlustarstykkja og þjálfaði Birgir hann upp í því starfi.

Um þessar mundir var fyrir atbeina Birgis Áss hafin þjálfun í dansi og hreyfingum eftir hljóðfalli fyrir yngstu börnin, 2ja og 3ja ára. Mættu 10 börn þarna að staðaldri einu sinni í viku með mæðrum sínum og þótti undraverður árangur nást. Börnin voru þarna innan um önnur börn, heyrandi og heilbrigð. Birgir Ás kom því einnig til leiðar að nemendur Heyrnleysingjaskólans fengu einnig notið kennslu af þessu tagi. Vert er að minnast þess að danskennarinn, Sigvaldi Þorgilsson, veitti þessa kennslu án endurgjalds. Hann var nýlega kominn heim frá námi og var langt frá því að vera vel að efnum búinn. Var áhugi hans og framtak lofsvert í hæsta máta.

Dr. Røjskjær heimsækir Ísland að nýju.

Við fengum góðan gest í apríl 1966. Var þá enn kominn yfirlæknir heyrnarstöðvarinnar í Odense, dr. Røjskjær, sem fyrstur varð til að fræða almenning hér á landi um nýjungar á sviði heyrnarfræðinnar. Nú var dr. Røjskjær á leið til Grænlands á vegum dönsku ríkisstjórnarinnar til að fylgja eftir því starfi sem hann hafði þegar komið á fót þar eins og áður segir.

Viðdvölin hér var stutt, kom sér vel og var tíminn nýttur til hins ýtrasta. Dr. Røjskjær heimsótti

heyrnarstöðina í Heilsuverndarstöðinni. Eg bauð honum til kvöldverðar með helstu forráða- og áhugamönnum, sem stuðlað gætu að framgangi heyrnarmála hér á landi. Það voru Sigurður Sigurðsson landlæknir, Jón Sigurðsson borgarlæknir og Erlingur Þorsteinsson auk heyrnarfræðinganna sem nú voru byrjaðir að starfa á hreyrnarstöðinni, þ.e. Gylfa og Birgis.

Eins og tilgangurinn var með þessari kvöldstund þá snerist allt samtal um heyrnarmál og var mikill akkur að því fyrir viðstadda að hlusta á dr. Røjkjær segja frá framförum sem orðið hafi í Danmörku auk þess sem hann gat sagt fjölmargt af fyrirlestrarferðum sínum um Afríku, Suður-Ameríku og Mið-Ameríku. Kvöldið var alla vega ógleymanlegt.

11. Nýr styrkþegi, Stefán Skaftason, læknir.

Í ágúst 1966 var hér á ferð í sumarleyfi sínu Stefán Skaftason, háls-, nef- og eyrnalæknir, sem starfað hafði um árabíl í Þýskalandi og í Svíþjóð. Nú var hann aðstoðaryfirlæknir við háls-, nef- og eyrnadeild Centrallasrettet í Kalmar í Svíþjóð. Zontaklúbburinn frétti af ferðum þessa ágæta læknis og tókst að koma á blaðamannafundi með honum, Erlingi Þorsteinssyni og stjórn klúbbsins. Eftir blaðamannafundinn birtist stórfroðlegt viðtal við Stefán í Tímanum, 17. ágúst 1966 og lét ég það birtast hér orðrétt:

MÆLA ÞARF HEYRN ALLRA SKÓLABARNA, ÞVÍ AÐ NÁMSTREGÐA GETUR STAFAD AF HEYRNARDEYFU.

„Þau eru ófá börnin, sem sökum heyrnardeyfu eiga erfitt með að fylgjast með í skólanum og úr því þau eiga erfitt með nám, er því slegið föstu að það sé vegna heimsku. Hvorki foreldrar né kennarar gera sér grein fyrir því að barnið skortir ekki greind, heldur heyrn.

Nauðsyn þess að heyrn hvers einasta skólabarns sé mæld er því mikil og ríður á að hér á Íslandi verði

komið upp skipulögðum heyrnarmælingum á skólabörnum sem náí til allra barna, hvar sem þau eru á landinu.

Í Svíþjóð sem og á öðrum Norðurlöndum eru heyrnarmælingar orðinn stór þáttur í heilsugæslu barna. Ræddi Stefán við blaðamanninn fyrir milligöngu Zontaklúbbsins, en klúbburinn hefur sem kunnugt er helgað sig málefnum heyrnardaupa og stuðlað að því að heyrnarstöðin í Heilsuverndarstöðinni var opnuð 1982. Hefur Zontaklúbburinn gefið tæki til stöðvarinnar og kostað fólk til náms í heyrnarmælingum.

Á liðnum vetri hófust svo mælingar á heyrn skólabarna í Reykjavík og þau sem reyndust heyrnardaup voru send til heyrnarstöðvarinnar til nánari athugunar, en læknir stöðvarinnar er Erlingur Þorsteinsson. Takmarkið er að koma upp fullkominni heyrnarstöð með deild í sjúkrahúsi, þar sem hægt er að leggja inn sjúklinga. Er fyrirhuguð stækkun á heyrnarstöðinni strax og Borgarspítalinn flytur í Borgarsjúkrahúsið í Fossvogi.

Stefán Skaftason er sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnarlækningum og hefur auk þess sérmenntað sig í heyrnarbætandi uppskurðum á heyrnarskemmdum í miðeyra. Í viðtalinu við Stefán kom fram margt fróðlegt um heyrnarskemmdir, heyrnarmælingar og heyrnarlækningar.

Þegar heyrnarskemmd er rannsökuð, sagði Stefán, er mjög mikilvægt að vita hvar hún er og hvers eðlis hún er, þannig að hægt sé að vita hvort hægt er að ráða bót á henni eða ekki. Er því nauðsynlegt að hafa sem besta heyrnarmæla (audiometra), en af þeim eru mjög margar tegundir til.

Er sjúklingurinn látinn heyra tóna með mismunandi tíðni og þrýstir hann á hnapp, þegar hann byrjar að heyra tóninn og síðan aftur þegar tónninn hverfur. Kemur fram línurit, og eftir línuritinu er hægt að staðsetja heyrnarskemmdirnar með allt að 100% nákvæmni.

Heyrnarskemmdum má skipta í tvo flokka, annars vegar vegar skemmdum í miðeyra og hins vegar skemmdum á heyrnartaug. Flesta galla í miðeyra má lækna með uppskurði og á síðustu árum hefur ný grein komið til, uppskurður með smásjá og horfir læknirinn þá í smásjá allan tímann sem hann vinnur að aðgerðinni. Er mér kunnugt um að Erlingur Þorsteinsson er byrjaður með slíka uppskurði hér á landi.

Samfara sjúkdómum í miðeyra eru oft suða og svimi og hverfa þau einkenni við uppskurðinn.

Skemmdir á heyrnartaug koma fram hjá öllum fyrr eða síðar, en yfirleitt ekki fyrr en eftir sjötugt. Þó geta þær komið fyrr og jafnvel við fæðingu, t.d. ef móðirin hefur fengið rauða hunda um meðgöngu-tímann og eru t.d. 19 slík tilfelli hér eftir síðasta faraldur.

Ég minntist á heyrnarmælingu á skólabörnum, en það

er ekki síður mikilvægt að fylgjast með heyrn lítilla barna og þurfa foreldrar að vera vel á verði. Ef þeir verða varir við að börnin tala seint eða eru á einhvern hátt á eftir, ber að leita til lækna. Það má veita börnum hjálp allt frá öðru aldursári, með því að láta þau fá heyrnartæki á bæði eyru og láta þau vera innan um talandi börn svo að þau einangrist ekki".

Eins og greinilega kemur fram í viðtalinu, vorum við enn eftirbátar annarra þjóða þrátt fyrir þær framfarir sem orðið höfðu síðustu árin. Ennþá vantaði háls-, nef- og eyrnadeild á sjúkrahúsi. Vegna meðvitundar Zontaklúbbsins um þetta framfaramál var í apríl 1967 enn auglýstur námsstyrkur. Námsstyrkurinn átti að vera til sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum til að kynna sér starfsemi heyrnarstöðva og í endurhæfingu heyrnarskertra barna. Styrkveitingin var bundin því skilyrði að lækni-inn kæmi að námi loknu heim til starfa. Stefán Skaftason sótti um styrkinn og fékk hann. 1. maí 1967 réðst hann til starfa við heyrnarstöðina í Árósum og fékk staðgengil fyrir sig í eitt ár við sjúkrahúsið í Kalmar, þar sem alger óvissa ríkti um stofnun háls-, nef- og eyrnardeildar á sjúkrahúsi hér. Vert er að minnast þess í því sambandi, að þegar vakið var máls á því við heilbrigðisyfirvöld á þessum tíma að stofna háls- nef- og eyrnadeild hér við sjúkrahús var talið mun nauðsynlegra að koma augndeild upp á undan, svo að langt virtist enn vera í land.

12. Heimsókn til Árósa 1967.

Sumarið 1967 dvaldi ég mánaðartíma á Sjálandi og að sjálfsöggðu hafði ég þá samband við hjálparhelli Zontaklúbbsins, dr. Bentzen. Nú hafði hann ýmislegt á prjónunum, sem hann og Stefán Skaftason vildu ræða við mig um og báðu þeir mig eindregið að koma til Árósa, ef ég gæti komið því við.

Þetta varð úr og varð dagurinn í Árósum mér bæði

lærdómsríkur og skemmtilegur. Dr. Bentzen hafði skipulagt hverja stund fyrir mig. Höfuðumræðuefni þeirra lækna börninn, sem fæðst höfðu heyrnarskert 1963 vegna rauðra hunda. Þeir settu fram spurningu um það, hvort nokkuð væri hægt að gera til að hjálpa þeim og foreldrum þeirra. Spurning var, hvort þau mundu ekki öll fara í heyrnleysingjaskólann 4ra ára gömul eins og lög frá árinu 1962 kváðu á um. Töldu þeir Dr. Bentzen og Stefán báðir að heppilegra yrði fyrir börnin að vera áfram á heimilum sínum, ef mögulegt væri, en fá sérhæfða aðstoð í leikskólum eða á dagheimilum þar til skólaganga hæfist á eðlilegum tíma.

Mikið og margbreytilegt efni var til í heyrnarstöðinni í Árósum sem að gagni gæti komið til upplýsinga um þetta málefni, en það var að sjálfsögðu allt á dönsku og því ekki nothæft almenningi á Íslandi.

Eftir viðræðurnar þennan dag bauðst Stefán Skaftason til að þýða það helsta, sem gæti komið foreldrum áðurnefndra barna að gagni, láta fjölrita það og senda þeim það síðan. Töldu lækarnir að foreldrarnir þyrftu að bindast samtökum um málefnið. Ég tók að mér að hafa samband við foreldrana þegar heim kæmi og senda síðan nöfn og heimilisföng foreldranna, ef óskað væri aðstoðar.

Þegar heim kom fékk ég lista yfir flestöll þessara barna á heyrnardeildinni hjá Gylfa Baldurssyni, en flestöll börnin höfðu komið þangað til rannsóknar. Um það bil helmingur þeirra var búsettur utan Reykjavíkur. Ásamt fjórum öðrum Zontakonum boðaði ég þá foreldra, sem búsettir voru í Reykjavík og nágrenni til fundar 1. ágúst 1967.

Sögðum við þeim þar frá hinum góða árangri, sem náðst hefði með því að vista heyrnarskert börn innan um talandi börn og fulloröna, gefa þeim kost á heyrnartækjum til að magna upp þær heyrnarleifar, sem e.t.v. væru fyrir hendi. Foreldrunum var einnig sagt frá því að María Kjeld hefði kynnst slíku endurhæfingarstarfi í Danmörku og væri hún að sjálfsögðu fús að leiðbeina

foreldrum eftir því sem hún hefði tök á. Síðan væri áformað að Zontaklúbburinn byði fram styrk til fósturu þá um haustið til að kynna sér tilhögun slíks starfs í Árósum. Ef foreldrarnir vildu notfæra sér aðstoð af þessu tagi, byðist heyrnarstöðin á Árósum til að senda þeim leiðbeiningar endurgjaldslaust. Okkur virtist máli okkar heldur fálega tekið, en það var þó ekki af-
pakkað.

Þrjú leiðbeiningarrit voru send foreldrunum, en það olli nokkrum vonbrigðum að ekki heyrðist frekar frá þeim. Ekki er vafi á því að skiptar skoðanir sérfræð-
inga á uppeldismálum áttu nokkurn þátt í viðbrögðum foreldranna. Tími "integrationar" virtist ekki runninn upp, en síðar komst mjög á dagskrá sú stefna sem þarna var reynt að koma á framfæri, það er sú stefna að láta fatlað fólk ekki einangrast frá samfélaginu, heldur gefa því eins ríkuleg tækifæri til þátttöku í þjóðfélaginu og mögulegt væri.

13. Námsstyrkur til fósturu.

Í september 1967 auglýsti Zontaklúbburinn nýjan námsstyrk. Í þetta skipti var námsstyrkurinn til fósturu, sem skyldi kynna sér endurhæfingarstarf fyrir heyrnar-
skert börn í leikskólum. Enn var það dr. Bentzen, sem skipulagði námið. Styrkurinn var veittur Hrafnhildi Sigurðardóttur, sem fór til Árósa í byrjun október og gekk nám hennar mjög vel. Hún varð hvers manns hugljúfi, ekki síst barnanna. Við námið starfaði hún í heyrnar-
stöðinni í leikskólanum Granly þar sem Bodil Willemoes hafði forstöðu og einnig á Herning á Jótlandi. Það er barna- og gagnfræðaskóli þar sem fötluð börn og heil-
brigð stunda nám saman og þótti árangur af því fyrirkomu-
lagi hafa orðið framar öllum vonum.

Eftir að Hrafnhildur kom aftur heim birtist viðtal við hana í Morgunblaðinu. Viðtalið er dagsett 17. febrú-
ar 1968, og fer hér á eftir það sem Hrafnhildur hafði að segja um starfsemina sem hún hafði kynnst.

„HEYRNARSKERT BÖRN HLJÓTA ÞJÁLFUN MEÐ HINUM TALANDI.

Heimsókn í barnaheimilið Staðarborg, þar sem heyrnarskert börn hljóta þjálfun.

Svo sem skýrt hefur verið frá í fréttum efnir Zontaklúbbur Reykjavíkur til skemmtunar n.k. sunnudag að Hótel Sögu til styrktar starfsemi klúbbsins fyrir heyrnarskert börn. Klúbburinn hefur um nokkurt árabíl unnið að þessu mjög svo brýna verkefni. Meðal verkefna klúbbsins hefir verið að styrkja fólk til frekara náms, er leitt gæti til þess að auka hjálpinu til handa börnum þeim, sem einangrast sökum skorts á heyrn. Einn styrkþegi klúbbsins er Hrafnhildur Sigurðardóttir, ung fóstura í leikskólum borgarinnar.

Hrafnhildur er nú komin frá nokkurra mánaða dvöl við heyrnarstöðina í Árósum og starfar hún á tveimur barnaheimilum Sumargjafar hér í borg, Staðarborg við Réttarholtsskóla og Tjarnarborg.

Við hittum Hrafnhildi þar sem hún var að störfum í Staðarborg, en þar er ein deildin þannig, að heyrnarskert börn leika sér með heilbrigðum börnum. Þegar við litum inn í leikstofuna, sáuð við nokkur börn, flest þriggja ára að aldri eða yngri. Lítil hnokki sagðist bara vera tveggja ára. Hrafnhildur spurði hvort við tækjum eftir því að í hópnum væri einhver heyrnarskertur. Það gátum við ekki séð, þótt við reyndum að fylgjast af athygli með börnunum nokkra stund. Þau léku sér öll eðlilega og óþvingað. En á löngum tíma hefði mátt sjá að ein stúlkan talaði næsta lítið. Síðan ræddum við við Hrafnhildi nokkra stund og barst talið fyrst að dvöl hennar erlendis.

Ég vann á heyrnarstöðinni í Árósum og á ýmsum leikskólum og dagheimilum þar í borg. Lærði ég þar meðferð og endurhæfingu heyrnardaupa barna.

Nútímataekni gerir fært að hjálpa heyrnardaupum mun meira en áður var mögulegt. Sérstaklega er unnið að því að heyrnardaup börn geti lifað sem eðlilegustu lífi í samskiptum við þau sem tala og heyra. Hin heyrnardaupu fá tæki sér til hjálpar og svo er unnið að því að málið klingi stöðugt í eyrum þeirra, einnig að þau læri að lesa af vörum.

Hér á landi eru alltaf nokkur tilfelli um heyrnardaup börn, en nú eru þau sérstaklega mörg, því árið 1964 gekk faraldur "rauðra hunda" hér og sýktust verðandi mæður, sem gengu með börn sín og leiddi það til þess að einmitt þá fæddust óvenjulega mörg börn heyrnardaup. Þau eru nú á þeim aldri að með eðlilegum hætti ættu þau að vera farin að læra að tala. Alls munu 30 börn í landinu hafa orðið heyrnardaup af þessum sökum. Af þeim eru 10 hér á Reykjavíkursvæðinu. Þau eru nú komin hér í leikskóla og á dagheimili.

Næst berst talið að starfi fósturunnar og hlutverki dagheimilanna og hinna miklu þýðingu þeirra fyrir þessi börn.

Starf fósturunnar er mjög þýðingarmikið, segir Hrafnhildur. - Hún hefir mjög mörg tækifæri til þjálfunar barnsins í leik þess. Við notum sífellda endurtekningu á heiti hlutanna og við gerum okkur far um að vera með andlitið í réttri hæð og beint fyrir framan barnið, svo það sjái rétt hvernig varirnar mynda orðið og læri þar með að lesa af vörum. Hin heyrnarskertu börn eru mjög eðlileg í samskiptum sínum við hin börnin og þau skilja hvert annað og leika sér saman á venjulegan hátt. Það er mjög þýðingarmikið fyrir félagslegan þroska þessara barna, að fá að vera með öðrum börnum, sem tala og heyra og þetta er einnig einkar mikilvægt fyrir heilbrigð börn að umgangast önnur, sem eitthvað er að. Þau skilja fljótt að við því er ekkert að segja. Þeim finnst fljótlega sjálfsagt að þessi börn hafi heyrnartæki í eyrunum og ekkert við það að athuga.

Við spyrjum Hrafnhildi nú um, hvernig starfi hennar sé háttað.

Ég fer á milli þessara tveggja barnaheimila hér í Staðarborg og Tjarnarborg og er þar sem auka-starfskraftur til að annast þjálfun þessara barna. Auk þess vinn ég svo í sambandi við heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar.

Fóstrurnar á dagheimilunum eru ákaflega liðlegar, en vissulega kem ég inn á þeirra verksvið. Laun tek ég að hálfu hjá Sumargjöf og að hálfu hjá Heilsuverndarstöðinni. Það hafa margir sýnt máli þessu ríkan skilning, svo sem Sigvaldi Þorgilsson, sem rekur sinn eigin dansskóla. Hann hefir leyft að þessi heyrnarskertu börn fengju að dveljast með heilbrigðum börnum í skóla hans. Börn þurfa að fá að dveljast í leikskólum áður en þau fara í heyrnleysingjaskóla en þangað eru þau skólaskyld fjögurra ára.

Það ber að athuga, að leikskólarnir hafa ýmislegt, sem ekki verður komið við á venjulegum heimilum, en sem verður til hjálpar heyrnarskertum börnum. Skólarnir hafa ýmis leiktæki, sem aðeins verða notuð þar sem fleira en eitt barn eru á sama reki. Heilbrigðu börnin verða þannig til mikillar hjálpar meðan hin eru að læra að tala. T.d. notum við leikspjöld þar sem myndir eru af ýmsum hlutum, 9 myndir á hverju spjaldi. Síðan eru sömu myndirnar á litlum spjöldum, ein á hverju. Stóru spjöldunum er dreift meðal barnanna og síðan tekur kennarinn upp eitt lítið spjald, heldur því við andlit sér og nefnir heiti hlutarins, sem myndin er af, skýrt og greinilega. Það barn, sem hefir þessa mynd á spjaldi sínu gefur það til kynna með því að kalla upp nafnið á hlutunum og fær síðan litla spjaldið og er því

hvolft yfir sömu mynd, sem fyrir er á spjaldi þess. Þannig gengur leikurinn og er sérlega spennandi, um leið og hann er fræðandi fyrir börnin.

Margt fleira er hægt að gera og ýmis tæki eru til, sem hjálpa til þjálfunar heyrnarskertum börnum og heyrnarskertu fólki. Sjónvarpið hefir verið tekið til þeirra nota. Þá er sett upp sérstakt magnarkerfi í skólastofur, þar sem heyrnardaupir geta tengt tæki sín við kerfið.

Við endum þessa heimsókn í Staðarborg með því að horfa á Hrafnhildi leika sér við nokkur barnanna og síðan fara þau öll og leika sér ein með brúður og varð það ekki greint að hin heyrnarskerta væri útundan."

14. Sjónvarpskvikmyndin „Sidse“.

A vegum heyrnarstöðvarinnar í Árósum hafði verið gerð kvikmynd um þroskaferil heyrnarskertrar telpu. Myndin var í tveim hlutum, fyrri hlutinn sýndi hana 8 ára gamla, en í síðari hlutanum var hún orðin nokkuð eldri. Zontaklúbburinn kom því til leiðar að myndingar voru sýndar í íslenska sjónvarpinu og naut þar áhuga og velvildar framkvæmdastjórans Péturs Guðfinnssonar.

15. Framlag Lionsklúbbsins Njarðar.

Þegar þarna var komið, á haustinu 1967, var Zontaklúbburinn ríkulega meðvitaður um nauðsyn þess að komið yrði upp háls-, nef- og eyrnadeild á sjúkrahúsi og að skapa þar með Stefáni Skaftasyni og öðrum sérfræðingum sem besta vinnuaðstöðu með fullkomnum tækjum svipað því sem best gerðist erlendis.

Merkur áfangi náðist í framhaldi af því, að ég hitti í nóvember ágætan kunningja minn, Davíð Scheving Thorsteinsson, formann Lionsklúbbsins Njarðar. Spurði ég hann þá hvort Lionsmenn vantaði ekki stórkostlegt verkefni til að vinna að. Davíð fylltist strax áhuga og spurði frekar um málið. Ég tjáði honum að réttur tími væri nú til að reka smiðshöggjö á það að komið yrði upp háls-, nef- og eyrnadeild við Borgarspítalann. Eftir að ég hafði skýrt málið nánar fyrir honum, sagðist hann mundu ræða þetta við félagi sína og hét þegar fulltingi

sínu.

Lionsklúbburinn lét ekki sitja við orðin tóm. Undirtektir voru frábærar og samþykkt að styðja málið. Var það gert á þann hátt að Lionsmenn gáfu fyrirhugaðri háls-, nef- og eyrnadeild vönduðustu fánlegu smásjá til notkunar við uppskurði á innra eyranu. Stefán Skaftason valdi tækið.

16. Viðtal við Brand Jónsson skólastjóra.

Eins og að framan er sagt voru skiptar skoðanir um meðferð þá, sem heyrnarskert börn skyldu fá og komst málið ekki síst á oddinn vegna hins mikla fjölda heyrnarskertra barna sem fæddust 1964 í kjölfar faraldurs af rauðum hundum.

Til glöggvunar lesendum læt ég hér fara á eftir viðtal, sem Margrét Thors átti við Brand Jónsson í Morgunblaðinu 5. nóvember 1967. Það er ekki síst vegna þess að Zontaklúbbnum og dr. Bentzen er blandað inn í viðtalið, sem nauðsynlegt er að það komi hér fram.

"HEYRNLEYSINGJASKÓLINN HEIMSÓTTUR.

Leiðin liggur í Heyrnleysingjaskólann í Stakkholti 3. Það er sjálfsagt að fylgjast með starfsemi hans, en skólinn hefur nú starfað í hálfa öld. Heyrnarhjálp á 100 ára afmæli um þessar mundir. Maðurinn, sem hóf hana, hét Páll Pálsson og var séra að nafnbót og mennt, en hann hlaut þann innblástur í veikindum sínum, en í þeim missti hann málið um tíma, og þess vegna afsalaði hann sér brauðinu og sótti um styrk til að kynna sér hjálparaðferðir utanlands við heyrnardaufa.

Ég geng inn í stofnunina og banka á nokkrar dyr niðri, en enginn svarar. Síðan heyri ég í ryksugu og renn á hljóðið. Góðan dag, segi ég. Þarna er ungur maður á að giska 15 ára gamall að ryksuga, afar vandlega og vel. Góðan dag, eru húsráðendur heima? Hann svarar ekki. Ég endurtek spurninguna. Enn ekkert svar. Það er varla von. Hann er heyrnarlaus.

Það er ekki alltaf gert að minnast þess sem Guð gaf og þakka það, þetta þykir heilbrigðum svo sjálfsagt. Sjálfsagt að ekkert hafi miður farið í sköpunarverkinu.

En hér er nú kominn Brandur Jónsson forstöðumaður skólans, og hann ætlar að sýna mér það, sem hérna er markvert.

Jæja, Brandur, hvað hafið þér mörgu starfsfólki á að skipa hér?

„Við erum sex, sem önnumst kennslu, auk stúklna, sem sinna húsmóðurstörfum.“

Það er víst í mörg horn að líta?

„Já, börnin eru tuttugu og fjögur. Skólaskylda þeirra hjá okkur er frá fjögurra ára til sextán ára aldurs, svo að verkefnin eru mörg og fjalla um margvísleg vandamál.“

Hvernig er þeim svo skipt niður í hópa?

„Til að byrja með verða yngstu börnin saman um kennara. Það er auðskilið. Svo þegar fram í sækir, verða þau að flokkast eftir þroska og námsgetu, en það fer aftur hvort tveggja eftir því hvort barninu háir algert heyrnarleysi eða heyrnardeyfð, þá á hve háu stigi, o.s.frv. Einnig verður að taka tillit til þess, hvort barnið er tálmað af þessari skynjunarvöntun einni, eða hvort fleiri ágallar eru til að hindra framgang þess.“

Hvað er að jafnaði hægt að hafa mörg börn til kennslu í einum hóp?

„Það er ekki gott að hafa fleiri en fimm börn til kennslu í einu, a.m.k. ekki í byrjendahópum. Það krefst hér afar mikillar nákvæmni og þolinmæði að kenna þessum börnum, og ekki er til neins að brýna raustina hér. Hér þarf að reyna aftur og aftur, þar til skilningurinn opnast hjá börnunum, og þar má segja, að þolinmæðin þrautir vinni flestar. Þetta fer vitanlega eftir hæfileikunum hjá hverjum og einum, á það bæði við um kennara og nemanda.“

Hvað bíður nú barnanna, þegar skólaskyldu hér lýkur?

„Við reynum að undirbúa börnin sem best, og vonum að allt fari vel. Sum fara út í lífið þrýðilega undirbúin, allt veltur á þroskastiginu, en svo eru önnur, sem kannski ná ekki mjög langt, en tilsvarandi framhaldsstofnanir eru ekki til hér.“

Þetta eru þokkaleg húsakynni, Brandur. En verða ekki sáttir þröngt að sitja hér?

„Satt er það, þokkaleg eru þau, en hér verður æ þrengra á þingi. Um tíma rýmkaðist hér örlítið, það var 1957-59. En svo hefur okkur aftur fjölgað, og nú er svo komið, að hér er kennt í hverjum krók og kima, það er, þar sem ekki er sofið eða matbúið. Við höfum hér fyrir utan leiksvæði fyrir börnin, og byggt hefur verið við húsið, en nú er svo komið, að betur má ef duga skal.“

Þið eigið að mig minnir von á geysilegri nemendafjölgun er hausta tekur.

„Já, satt er það, alveg gífurlegri fjölgun. Er hér um að ræða kringum þrjátíu börn, er verða skólaskyld hjá okkur á hausti komanda, það eru börn er ná fjögurra ára aldri.“

Er það nú ekki að bera í bakkafullan lækinn, að hella þessum fjölda yfir ykkur svona í einu?

"Segja má það, en þessi stofnun er ríkisstofnun, og ber okkur skylda að taka við nemendum sem hjálparþurfi teljast á þessu sviði, og þessi blessuð börn eru öll hjálparþurfi, svo að skyldan kallar."

En segið mér þá, Brandur, hvað ætlið þið að gera? Hvar ætlið þið að koma börnunum fyrir?

"Eins og er þarf ekki bara skóhorn, heldur gott skóhorn til þess að gera það, sem við erum að gera. Hvað nú tekur við, veit ég ekki. Við vitum bók-staflega ekki, höfum ekki hugmynd um, hvar við eigum að hola niður nýjum nemendum. Við höfum alls ekkert húsrúm þeim til handa. Vitað er að ríkis-sjóður hefur í mörg horn að líta, en er nokkuð mikilvægara en það að koma fótunum undir bágstadda unga borgara, sem ekki eiga í neitt annað hús að vernda?

Hvernig skyldi því víkja við, að allur þessi fjöldi jafngamalla barna er til staðar?

"Hér er um kennt rauðu hunda faraldri, sem hér gekk 1964, og mæður þessara barna tóku á meðgöngu-tímanum."

Nú, já. ... Sem sagt þið þarfnist ekki bara bjartsýni um úrbætur í húsnæðismálum í framtíðinni.

"Nei, vonarglætan ein er hvergi nærri nóg. Okkur vantar húsnæðið strax í haust. Sömuleiðis þyrftum við að fá fleiri kennara, kannski þrjá til fjóra. Það væri ágætt."

Er til nóg af sérhæfðu fólki hér til að anna þessu?

"Nei, ekki sýnist mér það. Það væri gott að fá fleira fólk úr Kennaraskólanum, til dæmis til að kynna sér þessi mál. En sérhæfing fólks í stærri hópum, en verið hefur undanfarið, skeður ekki með neinni byltingu, hún tekur sinn tíma, eins og gefur að skilja rétt eins og Róm var ekki byggð á einum degi"

Sem sagt þið verðið að senda út neyðarkall, SOS, strax.

"Já, SOS er það. Algert neyðarkall. Það er alltaf bagalegt að vera á götunni, en með starfsemi sem þessa, er það alveg óhugsandi og óforsvaranlegt."

Nú göngum við saman um skólann, lítum á kennara-aðferðirnar. Hér er margt afar athyglisvert að ske.

Yngstu börnin eru að læra að mynda hljóðin með öndunaræfingum, ýmiss konar blásturstækjum, spegli og leikföngum. Þeim miðar misjafnlega vel. Það þekkist víðar. En væri ekki rétt að hugleiða hvað þessi börn eiga við að stríða? Þau geta lært en það er eftir hæfni hvers og eins, hver árangurinn verður. Því næst er eftir að læra að gera sig

skiljanlegan. Það er oft önnur saga, en hún fer aðallega eftir því, hve heyrnardauft barnið er og greint. Nú, svo verður námið mjög verklegt, og tekur því lengri tíma en venjulegt nám.

Við skulum setja sem svo, lesandi góður að við ættum að setjast niður og fara að læra kínversk trúarbrögð á kínversku. Þar held ég að við værum nokkru betur stödd en jafnfætis börnum þessum sem eru t.d. elsti flokkurinn, að læra nokkuð úr Íslendingasögunum, eða t.d. Goðafræðina. Þetta er býsna merkilegt að sjá og hér, sem í hinum fögunum reynir afar mikið á hugmyndaflug kennarans. Er okkur ljóst að kennslubækur eru fáar til handa þessum ungu borgurum? Kennararnir verða að lengja sólarhringinn sinn, helst um helming ef ekki meir, til að skapa viðunandi námsefni, gera það táknrænt og lifandi, áhugavert og skemmtilegt. Við höfum t.d. hann Guðmund, sem bókstaflega teiknar alla Íslandssöguna fyrir krakkana til að gera þeim ljóst, hvað þar fór fram á þeim tímum er nú eru löngu liðnir. Nú, við höfum Herdísi, sem hefur gefið út rit til leiðbeiningar foreldrum heyrnardaufra barna o.s.frv., en hún kennir yngstu börnunum. Allir leggja mikið af mörkum til að gera þessu ungviði kleift að berjast eðlilegri lífsbaráttu. En sex kennarar, jafnvel þótt allir séu af vilja gerðir, hljóta að eiga við mikla erfiðleika að stríða og margþætt vandamál að kljást til að geta skilað sínu dagsverki, svo að vel sé og allir megi við við una. Margir hljóta þeir að vera, sem eiga þá ósk heitasta, að þeirra verk verði heilt að kveldi. Okkur hlýtur öllum að vera ljóst, að hér þurfa fleiri að leggja hönd á plóginn, ef vel á að fara, jafnt einstaklingar sem ríki og bær.

Já, börnin eru í heimavist í skólanum sjálfum og leggur ríkið til allt nema fatnað þeim til handa, svo að nú hlýtur okkur öllum að fara að skýrast, hve gífurleg vandræði steðja að heimilinu þegar í september á næsta ári. Það þætti hvergi þægilegt, að bæta þrjátíu manns við í heimili til frambúðar án þess að fá bætt skilyrði og það gegnir alls ekki öðru máli með þetta heimili. Svefnstofurnar eru þegar svo þéttskipaðar, að hvergi er hægt að koma fleiri rúmum fyrir.

En Brandur, nú hafa heyrst ýmsar raddir um það, að ekki sé nauðsynlegt að hafa sérstofnanir fyrir heyrnardaufa, það sé nægilegt að fá þeim heyrnartæki og svo megi senda þá beint í skóla eins og annað fólk. Hvað er hæft í þessu?

„Satt er það. Þetta hefur heyrst, en það er á móta líklegt að það gangi eins og að senda ómálga barn til Frakklands og segja því að gera nú svo vel að spreyta sig á frönskunni. Það

vantar það sem við á að éta. Það vantar hvort tveggja í senn, hæfni og skilning, en það tekur langan tíma og mikla þjálfun, mismikla þó, að öðlast hvort heldur sem vera skal. Hér á landinu eru samtök góðra kvenna, Zontaklúbburinn, sem vinna að aðstoð við heyrnardaufa og hafa gert margt gott. Þær aðhyllast mjög kenningar dansks læknis, dr. Bentzen. Það er haft eftir honum, að hann viðurkenni ekki heyrnarleysi nema eyrað vanti. Án þess að leita álits fleiri færra manna, taka þær orð hans mjög alvarlega, gera þau að sínum boðorðum og hrinda úr vör á vit ýmissa bágstaddra og skyldmenna þeirrameð þeim orðum, að heyrnartækin ein séu það, sem koma skuli, sérskólar óþarfir og megi hér með leggja þá niður. Þetta vekur að vonum kvíða hjá ýmsum þeim er þessi vandamál snerta helst, og margir standa nú ráðþrota gagnvart góðgerðarstarfseminni annars vegar og skóla-skyldulöggjöfinni, og stofnun okkar þar með, hins vegar. Vegna þessa vanda, hef ég leyft mér að snúa mér til ýmissa málsmetandi manna víða úti í heimi, málsmetandi á þessu sviði, hef skýrt fyrir þeim vandamál okkar og afstöðu kvennasamtakanna, sem hafa dr. Bentzen hjá sér í fararbroddi. Allir hafa svarað okkur á þá leið, og ég er þeim sam-mála þar, að ekki beri að taka alvarlega fullyrð-ingar dr. Bentzen sem ekki sé hægt að standa við. Og þótt hann hafi margt til síns máls í mörgu, þá sé aldrei hægt að slá fram kenningu og það svona öfgafullri kenningu á svona sérstaklega viðkvæmum grundvelli og ætlast til að hún gildi fyrir fjöldann, sérstaklega þegar um svona sundurleitan fjölda er að ræða, sundurleitan að öðru leyti en því einu, að hann þarf alveg sérlega nærfærni, skilning og þolinmæði. Þetta þrennt síðastnefnda ætti að vera nóg til að gera fólki ljóst, við hvað er átt. Hins vegar er ég sjálfur þeirrar skoðunar, að framfarir í heyrnartækjatakni og læknisfræði geti orðið grundvöllur fyrir því, að eitthvað af heyrnardaufum börnum geti haft mögu-leika til að læra í almennum skólum, fái þau sér-kennslu þar og viðeigandi hjálpartæki."

Brandur Jónsson hefur nú sýnt mér skólann, bjartan og vistlegan, þar sem þessi ungu, broshýru og frjálsslegu börn sitja og keppast við með gleði, svo að þau geti í framtíðinni staðið jafnfætis öðrum jafnöldrum sínum.

Ég kveð og þakka honum.... Ég þakka fleirum."

Andsvar við viðtali Morgunblaðsins við Brand Jónsson birtist síðan 30. nóvember 1967 og var það grein eftir dr. Bentzen.

Hún kemur hér orðrétt:

17. "ER ÞÖRF FYRIR HEYRNARLEYSINGJASKÓLANA?"

Eftir dr. med. Ole Bentzen, yfirlækni.

Skólastjóri Heyrnleysingjaskólans í Reykjavík, hr. Brandur Jónsson, hefur í fréttaviðtali, sem birtist í Morgunblaðinu 5. nóvember s.l. gert að umtalsefni í fréttaviðtali samvinnu mína við Zontaklúbbinn í Reykjavík og þörf og hlutverk heyrnleysingjaskólanna í endurhæfingu heyrnarskertra barna.

Þar sem að mér er vegið úr fjarlægð á framandi tungu, og sjónarmið mín og kenningar eru rangtúlkaðar, vil ég leyfa mér að gera hér á sama vettvangi grein fyrir hinum nýjustu aðferðum sem beitt er við endurhæfingu heyrnarlausra og heyrnarskertra barna.

Öllum heyrnarskertum börnum skal kennt að nota heyrnartæki svo snemma sem föng eru á, þannig að mögulegt sé að kenna þeim að tala. Notkun heyrnartækja, uppeldi á eigin heimili og dvöl á leikskólum, gerir börnunum kleift að tala það mikið að þeim sé mögulegt að setjast í sérbekki í venjulegum barnaskóla þegar skólaskyldan byrjar. Skólaganga þessara barna meðal fullheyrandi leikfélaga skapar þeim skilyrði til þess að læra málið, og hindrar þannig að þau verði mállaus.

Nýjustu aðferðir við endurhæfingu heyrnar-
daufra hafa ekki ennþá fest rætur í öllum löndum heims. Í Englandi hafa þær leitt til þess, að nokkrum heyrnarleysingjaskólum hefur verið lokað. Í Danmörku eru hin heyrnarskertu börn á svæðinu í kringum Árósa með um það bil hálfri milljón íbúa, sett á sérbekki í venjulegum barnaskólum, en áður fyrr voru þau send frá heimilum sínum í heyrnarleysingjaskóla. Í Svíþjóð hefur hin nýja aðferð endurhæfingarinnar valdið því, að aðeins eitt heyrnarlaust barn, á svæði þar sem 1,5 milljónir manna búa, hefur verið sent í heyrnarleysingjaskóla nú í byrjun þessa skólaárs. - Öll önnur heyrnarlaus eða heyrnarskert börn hafa sezt í sérbekki hinna venjulegu barnaskóla. Mörg þessara barna hafa mjög alvarlegar heyrnarskemmdir. Þannig hafa 23% þessara heyrnarskertu sænsku barna, heyrnarrit (audiogram), sem svarar 90 heyrnareiningum (decibel).

Sú meðferð að ráðstafa börnunum í sérbekki hinna venjulegu barnaskóla, mætir að sjálfsögðu í öllum löndum móttöðu þeirra, sem að heyrnarleysingjaskólunum standa, enda eru þeir reistir á þeim tíma, þegar ekki var talið mögulegt að veita heyrnarskertum smábörnum neina meðferð.

Þessi nýja endurhæfingarmeðferð heyrnardaufra barna hefur enga þörf fyrir heyrnarleysingja-

skólana, en aftur á móti mikla þörf fyrir tal- og heyrnarfræðinga þeirra við kennslu barnanna í sér bekkjum hinna venjulegu barnaskóla.

Ég hef sem heyrnarfræðilegur ráðgjafi alheimsstofnunar þeirrar sem berst gegn sjúkdómum í öllum löndum heims og nefnd er WHO (World Health Organization) lagt áherslu á, að fjárfesting til bygginga heyrnarleysingjaskóla sé vanhugsuð og óviturleg.

Ég hef ennfremur bent á, að lög sem skylda heyrnarskert börn til vistar í heyrnleysingjaskóla þegar við 4 ára aldur eigi að nema úr gildi, þar sem þau séu ekki lengur í samræmi við nútíma kröfur um meðferð barna með heyrnartækjum.

Að lokum vil ég lýsa furðu minni á hinum villandi orðum skólastjórans um Zontaklúbbinn í Reykjavík og starfsemi hans.

Ég get ekki látið hjá líða að benda almenningi á, að fyrir frumkvæði Zontaklúbbsins voru keypt tæki erlendis til þess að heyrnarmæla börn í Reykjavík og stofnaður þannig vísir að heyrnarstöð, sem er starfrækt í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Án þessara tækja er óvíst, hvort enn væri hægt að heyrnarmæla börn á Íslandi, en slíkt er skilyrði fyrir rétttri sjúkdómsgreiningu og grundvöllur sá, sem öll heyrnarfræðileg endurhæfing byggist á.

Auk þessa hefur Zontaklúbburinn veitt styrki til einstaklinga til sérmenntunar erlendis á þessu sviði, með því skilyrði einu, að viðkomandi ynni að þessu áhugamáli á Íslandi að námi loknu.

Ég dáist að dugnaði þessara kvenna og þeim skerf, sem þær hafa lagt fram, svo að mögulegt verði að veita heyrnarskertum á Íslandi endurhæfingu eftir nýjustu læknisfræðilegum aðferðum.

Meðlimir Zontaklúbbsins eru ósköp venjulegt fólk, sem rétta vilja fötluðum börnum hjálparhönd, svo að þeim verði kleift að gerast nýtir þjóðfélagsþegnar. Meðlimir hans hafa gert sér grein fyrir, hvaða aðferðum þarf að beita við endurhæfingu hinna heyrnarskertu barna. Þar sem undirstaðan er sú, að börnin fái að njóta öryggis heimilisins, verði tekin á leikskóla og njóti kennslu í sérbekkjum almennra barnaskóla.

Þessar nýju endurhæfingaraðferðir mæta mótstöðu ýmissa fagmanna um allan heim, sem vinna við stofnanir, er vilja halda við hinu gamla úrelta skipulagi á þessum hluta heilsugæzlunnar.

Ég er stoltur af því að hafa verið valinn ráðgjafi Zontaklúbbs Reykjavíkur í viðleitni hans að veita hinum heyrnarskertu börnum á Íslandi sömu möguleika á nýjustu endurhæfingu og tíðkast í löndum þeim, þar sem málleysinu hefur verið útrýmt, með samvinnu milli foreldra, heyrnarfræðinga, talfræðinga og lækna."

18. Málverkaupþboð.

Ekki dugði að láta deigan síga. Tveir áfangar blöstu við framundan, sem Zontaklúbbur Reykjavíkur ákvað að keppa að. Annar var aðlögun heyrnarskertra barna að skólakerfinu og hinn var stofnun sjúkrahúsdeildar í háls-, nef- og eyrnalækningum. Hvorttveggja verkefnið krafðist mikils fjár. Vegna þessara þarfa þurfti að efna til nýrrar fjáröflunar.

Mörg átökin við fjáröflun eru minnisstæð, en málverkaupþboðið á Hótel Sögu ber kannski af. Er það ekki síst vegna hins einstaklega hlýja hugar, sem kom fram í garð málefnisins frá flestum helstu listamönnum þessa lands. Sú hugmynd hafði nefnilega komið upp, hvort þeir gætu gefið okkur listaverk til styrktar heyrnarskertum. Við mundum síðan halda skammtun og á henni yrði haldið uppboð á gripunum. Sigurður Benediktsson, sá þekkti uppboðshaldari, bauðst til að aðstoða okkur í hvívetna. Sigurður hvatti okkur til þessa og kvaðst vita, hversu örlátir listamenn væru. Margar konurnar í Zontaklúbbnum voru dálítið efablandnar við svo nýstárlegt framtak og bjuggust heldur við að listamennirnir vildu selja myndir en gefa þær. En raunin varð sú að þeir voru mjög örlátir. Fyrsta verkið, sem okkur barst, var frá Jóhanni, frænda mínum Briem. Eg hringdi til hans og spurði hann, hvort hann ætti nokkurt verk, sem hann gæti hugsað sér að gefa Zontaklúbbnum og útskýrði um leið fyrir honum málefnið. Eg hafði varla lagt tólið á, þegar hann var kominn með yndislegt olíumálverk. Síðan bættust við myndir, hver á fætur annarri. Það kom sér vel, að Kristín Guðmundsdóttir, sem þá var í stjórn klúbbsins, hafði umráð yfir bíl og hún þekkti marga listamenn. Hennar hlutur við framkvæmdina var sannarlega ríkulegur. Auk þess sem hún fór af stað jafnskjótt og einhver bauðst til að gefa listaverk, sá hún um innrömmun á þeim myndum, sem þess þurftu. Sigurður Benediktsson mældi verkin og gaf þeim nafn, ef ekkert nafn var á þeim. Þegar við

byrjuðum á þessu ævintýri, vissum við ekkert um það hvernig mundi ganga, en áður en undirbúningi lauk, vorum við komnar með yfir 30 verk. Þau voru eftir eftirfarandi menn: Ásmund Sveinsson, Benedikt Gunnarsson, Eirík Smith, Eyjólf J. Eyfells, Eyborgu Guðmundsdóttur, Finn Jónsson, Helgu Weissshappel, Grétu Björnsson, Guðmundu Andrésdóttur, Guðmund Benediktsson, Halldór Pétursson, Hörð Ágústsson, Jóhann Briem, Jóhannes Jóhannesson, Jóhannes S. Kjarval, Jón Benediktsson, Kjartan Guðjónsson, Pétur Friðrik Sigurðsson, Sigríði Björnsdóttur, Sigurð Sigurðsson, Sigrúnu Guðjónsdóttur, Skarphéðin Haraldsson, Sólveigu Eggerz Pétursdóttur, Steinunni Marteinsdóttur, Sverri Haraldsson, Valtý Pétursson og Örlyg Sigurðsson. Auk þess ber að minnast þess að fleiri listamenn en hér voru nefndir styrktu málefni með féggjöfum, ef þeir áttu ekki myndir sem hæfðu. Sumar þöktu kannske heila veggj og aðrar voru ófullgerðar, auk þess sem hæverska sumra listamannanna var slík, að þeir bjuggust við að peningar kæmu sér betur en verkin þeirra. Mér er minnisstætt, að myndhöggvarinn Guðmundur Benediktsson notaði tilefnið til að gera skúlptúr sérstaklega fyrir þetta tækifæri.

Myndirnar voru sýndar á Hótel Sögu sunnudaginn 18. febrúar 1968 eftir kl. 15.00 og voru um leið seldir aðgöngumiðar. Það lofaði góðu um skemmtunina, að hver einasti miði seldist og komust færri að en vildu. Greinilegt var að almenningur tók vel þessari nýbreytni í bæjarlífinu. Það varð enn skýrara um kvöldið, en stemningin var prýðileg bæði til skemmtunar og fjáröflunar. Allir miðar seldust upp í fjáröflunarhappdrætti kvöldsins og listaverkin seldust á góðu verði á þess tíma mælikvarða. Félagskonum er kvöldið ekki síst minnisstætt, þar sem margar þeirra fóru heim að skemmtuninni lokinni og gátu hengt nýkeypt listaverk beint upp á vegg hjá sér og hafa notið þess allar götur síðan að horfa á þau og minnast merkilegs áfanga í félagsstarfi Zontaklúbbsins. Þess ber einnig að geta, að danskennarinn alþekkti, Heiðar Ástvaldsson, lagði mikil-

vægan skerf til skemmtunarinnar, bæði í formi fjölbreyttrar dansssýningar og á eftir stjórnaði hann dansi á einstaklega geðfelldan hátt.

19. Stofnun háls- nef- og eyrnadeildar við Borgarspítalann.

Enn var Zontaklúbburinn orðinn loðinn um lófana og gat lagt í mikilvægar fégjafir. Er þar ekki síst að minnast þess, að haustið 1968 var einum mikilvægasta áfanga í starfinu náð, þegar stofnuð var háls- nef- og eyrnadeild á Borgarspítalanum undir forystu styrkþega okkar, Stefáns Skaftasonar. Áður en það gerðist, hafði ríkt mikil óvissa um framvindu málsins. Lengi var reynt að koma því til leiðar, að deildin yrði á Landakotsspítalanum, en eins og kunnugt er varð ekki af því. En eftir að rekstur Borgarspítalans komst í gang, fóru línur smám saman að skýrast. Sjúkrahússtjórinn, Haukur Benediktsson, var hlynntur málefninu og þekkti vel til vandamálanna í sinni fyrri stöðu. Hann hafði sem forstjóri Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur raunar rekið heyrnarstöðina í 6 ár. Það kom sér vel núna. Lausnin varð sú, að Dr. Friðrik Einarsson, yfirlæknir skurðeildar spítalans, skaut skjólshúsi yfir starfsemina og lagði til breytilegan rúmafjölda á skurðeildinni, eða jafnmörg rúm og þörf krefði á hverjum tíma. Þetta fyrirkomulag hefur reynst heilladrjúgt og er enn við lýði. Það var Zontaklúbbnum mikil stund, 28. október 1968, þegar félagskonur voru boðnar til athafnar á Borgarspítalanum. Borgarlæknir, Dr. Jón Sigurðsson, tók þar við gjöf frá klúbbnum, kr. 300.000.- sem notuð skyldi til tækjakaupa á hinn nýstofnuðu háls- nef- og eyrnadeild. Það kom í hlut Stefáns Skaftasonar að færa klúbbnum þakkir og sýna okkur hina nýju aðstöðu sem nú skyldi búin tækjum.

20. Námsstyrkir til kennara.

Í apríl 1968 auglýsti Zontaklúbburinn tvo námsstyrki til kennara. Miðað var við 3ja mánaða nám í Herning á Jótlandi, en þar er eins og áður segir almennur barna- og gagnfræðaskóli sem veitir fötluðum börnum, m.a. heyrnarskertum, kennslu bæði í sérbekkjum og blönduðum bekkjum. Það voru Zontaklúbbum nokkur vonbrigði, að engin umsókn barst um styrkina.

Í júní 1968 var haldinn aðalfundur Nordisk Audiologisk Selskab hér í Reykjavík. Það eru samtök ýmissa félaga á Norðurlöndum, sem vinna að málefnum heyrnardaufra og sátu fundinn 15 erlendir fulltrúar. Forseti fundarins var dr. Bentzen, en hann var þá formaður Nordisk Audiologisk Selskab. Aðalfulltrúi Íslands var Erlingur Þorsteinsson. Samkvæmt tilmælum var einn af fyrirlestrum á aðalfundinum erindi um störf Zontaklúbbsins í þágu heyrnarmála og tók ég að mér að flytja þann fyrirlestur.

Þetta var í fyrsta skipti sem aðalfundur þessara samtaka var haldinn á Íslandi og voru flutt mörg fróðleg erindi um þær nýjungar, sem unnið var eftir á Norðurlöndunum, bæði hvað við kom kennsluaðferðum og lækningum heyrnarskertra. Fundarins var getið víða í blöðum. Ein greinin var um blaðamannafund Zontaklúbbsins, dr. Bentzens og Stefáns Skaftasonar og fylgir hún hér á eftir, en hún birtist 27. júní 1968.

„FÆST ENGINN TIL AÐ LÆRA SÉRKENNSLU HEYRNARDAUFRA BARNA?

Enginn kennari hefur enn sótt um námsstyrki þá sem Zontaklúbburinn hefur boðið til þriggja mánaða dvalar við Statens hörecentral í Árósum til að læra kennslu heyrnardaufra barna innan hins almenna skóla. Hefur nú verið látið af fyrri skilyrðum um þriggja ára reynslu í kennarastarfi og er skorað á áhugasama, nýútskrifaða kennara að nota þetta tækifæri.

Þetta kom fram á blaðamannafundi sem stjórn Zontaklúbbsins gekkst fyrir með einum þekktasta heyrnarlækni á Norðurlöndum, dr. Ole Bentzen, yfirlækni við Háskólasjúkrahúsið í Árósum og

fulltrúa allrar Evrópu í heyrnarmálum hjá Alþjóða-
heilbrigðismálastofnuninni, WHO.

Hið fyrirhugaða kennaranám í Árósum fer fram undir stjórn dr. Bentzen og var upphaflega gert ráð fyrir tveim styrkjum, fyrir karl og konu, sem hvort um sig hefðu a.m.k. þriggja ára reynslu í kennarastarfi. Eru styrkirnir að upphæð kr. 30.000 auk frírra ferða fram og aftur. Gert er ráð fyrir þriggja mánaða námi, sem átti að byrja 1. ágúst, en nú hefur verið ákveðið að það megi byrja síðar, 1. sept. eða 1. okt. og eins að viðkomandi þurfi ekki að hafa starfsreynslu og komi áhugasamir nýútskrifaðir kennarar jafnt til greina.

Í öðrum löndum er nú æ meira farið út á þá braut í sambandi við kennslu afbrigðilegra barna að einangra þau ekki í sérstökum skólum þar sem þau hitta og kynnast ekki öðrum börnum sem einnig eru afbrigðileg að einhverju leyti, heldur koma á innan hins almenna barnaskóla sérkennslu fyrir þessi börn. Er þetta mjög mikilvægt áleit dr. Bentzen, ekki aðeins fyrir sálarheill barnanna að í stað einangrunar umgangist þau heilbrigð börn á eðlilegan hátt, en líka fyrir samfélagið að þeir, sem eitthvað er að að þessu leyti, séu teknir sem sjálfsagður hluti þess.

Þess má geta að þegar hefur fengist nokkur reynsla hér á landi af því að hafa heyrnardauf smábörn í leikskóla með heilbrigðum börnum og hefur það gefist mjög vel. Beitti Zontaklúbburinn sér upphaflega fyrir þessu og sendi fósturu til þjálfunar við Statens hörecentral í Árósum, en sú heyrnarmiðstöð veitti einnfremur mikilvæga aðstoð í sambandi við fræðslu fyrir foreldra heyrnardaufra barna, fæddra 1964 og síðar.

Dr. Ole Bentzen sat í síðustu viku fund Sambands heyrnarlækna og heyrnarfræðinga á Norðurlöndum, Nordisk høreselskab, en hann er formaður þeirra samtaka. Skýrði hann frá því að á fundinum hefðu verðlaun sambandsins verið veitt formanni Zontaklúbbsins hér, frú Fríðu Briem, sem viðurkenningu á því margháttða starfi sem Zontaklúbburinn hefur unnið heyrnarmálum hér."

Nú bar svo við, að umsókn barst um námsstyrkinn. Umsækjandi var Ebba Eðvaldsdóttir og var henni veittur styrkurinn og fór hún til Árósa í ágúst 1968 þar sem námið hófst við heyrnarstöðina. Ebba stundaði námið af miklum áhuga og kenndi einnig við skólann í Herning. Nokkur dráttur varð á framkvæmdum, en haustið 1971 var Ebba ráðin til að undirbúa það að hafin yrði sérkennsla heyrnardaufra barna haustið 1972, en þá kom til starfa

annar styrkþegi Zontaklúbbsins, Magnea Ingólfisdóttir. Starfsemin hófst eins og ætlað var haustið 1972 í Hlíðaskóla. Starfaði Magnea síðan sem sérkennari fyrir heyrnarskert börn, bæði á þann hátt að aðstoða þau í sérþekk og við að aðlaga þau að starfsemi inni í venjulegum bekkjum.

21. Niðurlag.

Hér að framan hef ég reynt að segja sögu sem mér finnst merk. Ástæðan til að ég hef tekið mig fram um að segja þessa sögu er sú, að söfnunarnáttúra og reglusemi hefur orðið til þess, að nokkurt skjalasafn hefur lent í mínum höndum. Skjölín taka yfir u.þ.b. 15 ára skeið eftir 1959. Mér fannst ekki rétt að ég ein hefði aðgang að þessari sögu og velti lengi fyrir mér, hvernig ég ætti að deila henni með öðrum.

Smám saman, einkanlega eftir starfslok mín tók ég til við að setja þessi orð á blöð. Það gekk samilega, fannst mér meðan ég var að skrifa, en við yfirlestur fannst mér margt ekki eins og best yrði á kosið. Sumt var of langt, annað of stutt og flest bar þess merki, að ég kunni betur að skrifa eftir annarra handritum, en að semja sjálf. Síðan var ég að velta fyrir mér, hvar varðveita skyldi frumskjölín og ráðfærði mig um það bæði við Önnu Sigurðardóttur, forstöðumann Kvennasögu- safns og við Jón Böðvarsson, borgarskjalavörð Reykjavíkurborgar. Þau hvöttu mig bæði til að halda áfram skriftunum og vildu bæði gjarnan taka við skjölunum til varðveislu.

En margt fer öðruvísi en ætlað er. Þegar ég ætlaði að taka til óspilltra málanna eftir hvatningu þessara skjalavarða og reyndar ýmissa annarra, settu Örlögin strik í reikninginn. Sjón mín tók að daprast svo snögglega, að ég sá ekki lengur það sem ég var að skrifa, né heldur gat ég lesið plögginn, sem ég hafði safnað. Þótt leitt væri var mér lengi skapi næst að gefast upp á verkefninu. En þá var það, að Auður Auðuns, mín gamla vinkona og samstarfskona í Zontaklúbbum, komst í þessi drög mín og tjáði sig strax um það að það myndi mikill missir, ef ég lyki ekki verkinu. Bæði hvatning Auðar og Guðrúnar Jónsdóttur, formanns Zontaklúbbs Reykjavíkur, varð svo til þess að ég lét til

skarar skrifa að nýju. Mig langar ekki síst til að þakka þeim fyrir hvatninguna og Páli Ásgeirssyni, syni mínum, fyrir verklega aðstoð. Þannig hefur það gerst, að pistill minn er kominn í þetta horf sem nú blasir við.

Ef einhvern lesenda fýsir að rýna betur í frumgögnin, verða þau héðan í frá varðveitt í Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Ég hvet til þess að áhugasamur lesandi láti sér ekki nægja mín skrif, heldur skoði gögnin í safninu. Þar kennir margra grasa. Má þar nefna bréfaskipti mín við Ole Bentzen, Stefán Skaftason, Maríu Kjeld, Birgi Ás Guðmundsson, Hrafnhildi Sigurðardóttur, fjöldamargar úrklippur úr blöðum, fundargerðir og öll hin merku smáatriði, sem orðið hafa til að skapa heildarmyndina, sem ég hef reynt að draga upp.

Mig langar að endingu til að þakka öllu því fjölmarga fólki sem stutt hefur merkilegt málefni. Og persónulega ætla ég að þakka öllum Zontakonunum, bæði í Reykjavík og á Akureyri, sem ætíð hafa verið tilbúnar til að aðstoðar í bráð og lengd. Margt veit ég, að þær hafa gert vegna málefnsins, en margt hafa þær án efa gert af beinni greiðasemi og velvilja í minn garð.

III. Fáein lokaorð.

Ég tel rétt að bæta nokkrum orðum við þá frásögn, sem fer hér á undan, af aðdraganda þess, að vísir að fyrstu heyrnarstöð á Íslandi var stofnaður við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, og af þætti Zontaklúbbs Reykjavíkur í því merka framtaki.

Öll byggist þessi frásögn á því safni upplýsinga sem Friede Briem hefur af stakri kostgæfni haldið til haga, en hún var frá öndverðu aðalhvatamaður þess að félagið beitti sér fyrir þessu málefni.

Þegar ég fór að kynna mér fundagerðarbækur stjórnar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá þeim árum er Zontaklúbburinn tók að beita sér fyrir því að heyrnarstöðinni yrði komið á fót, þ.e. árunum 1960-62, varð ég þess áskynja að Zontaklúbbsins var raunar tæpast getið í bókunum er snertu heyrnarstöðina. Aðeins á einum stað er bókað að samþykkt hafi verið að taka boði Zontasystra án nokkurra frekari skýringa. Jafnvel þegar bókað er að skoðuð hafi verið nýfengin tæki, en á þeim byggðist að unnt væri að hefja starfið, er ekki á það minnst að tækin voru gefin af Zontaklúbbsnum.

Þögnin um þátt Zontaklúbbsins sýnist mér ásamt fleiru staðfesta það, sem Stefán Skaftason læknir segir í formálsorðum, að þegar fram líða stundir yrði enginn til frásagnar um þátt Zontaklúbbsins varðandi úrbætur í málefnum heyrnarskertra, og því hefi ég og fleiri hvatt til þess að framanrituð frásögn Friede Briem kæmi fyrir almenningssjónir. En sú saga hefði orðið á annan veg ef ekki hefði notið forustu Friede Briem, ráðgjafar dr. Ole Bentzen og skilnings dr. Jóns Sigurðssonar borgarlæknis.

Að lokum má til fróðleiks bæta því hér við, að vorið 1969 urðu á Alþingi allmiklar umræður um málefni heyrnarskertra. Fluttar voru 2 tillögur til þingsályktunar, önnur um áskorun á ríkisstjórnina að hefja

byggingu fyrirhugaðs heyrnleysingjaskóla, hina fluttum við þingmenn úr öllum fjórum flokkum á þingi um skipun nefndar sérfróðra manna til að undirbúa frumvarp til laga um endurhæfingarkerfi heyrnardaufra og endurskoðun gildandi laga um heyrnleysingjaskóla. Mjög var þá liðið á þingtímann og varð hvorug tillagan útrædd. En um haustið var skipuð byggingarnefnd og bygging skólans hafin þegar á árinu 1970. Þingsályktunartillaga okkar fjórmeninganna kom ekki til framkvæmda.

Auður Auðuns.

IV. Frá Zontaklúbbnum.

Á fundi, sem haldinn var í Zontaklúbbi Reykjavíkur í nóvember 1984, var gerð samþykkt um að gefa út greinargerð um starfsemi klúbbsins og Margrétarsjóðs í þágu heyrnarskertra. Tilefni þessarar samþykktar var, að Margrétarsjóður átti 40 ára afmæli um þær mundir.

Gert var ráð fyrir, að greinargerðin yrði þrífætt. Í fyrsta lagi yfirlit frá Friede Briem, þar sem greint yrði frá starfsemi Margrétarsjóðs frá stofnun hans og til ársins 1971. Þá yrði stutt yfirlit yfir starfsemi sjóðsins frá 1971 og að lokum yrðu settar fram hugleiðingar um árangur starfsins.

Auður Auðuns fyrrverandi borgarstjóri og ráðherra og Stefán Skaftason yfirlæknir eru bæði mjög kunnug starfsemi sjóðsins, og urðu þau vinsamlega við þeim til-mælum stjórnar Zontaklúbbs Reykjavíkur að gera grein fyrir þeim árangri, sem orðið hefur. Kann klúbburinn þeim bestu þakkir fyrir það.

Hvað snertir starfsemi sjóðsins hin síðari ár, þá má í stuttu máli segja, að hún hafi annars vegar beinst að því að safna fé til tækjakaupa í þágu heyrnarmála og hins vegar að því að veita styrki til aðila, sem hafa sérstaklega leitað sér menntunar í því skyni að verða hæfari til að kenna heyrnarskertum. Stærsta átakið á þessum árum í tækjakaupum var í þágu Heyrnar- og tal-meinastöðvarinnar. Samráð var haft um þau mál við Einar Sindrason lækni, sem veitir stöðinni forstöðu. Hvað varðar styrkina skal hér aðeins minnst á síðasta styrkþegann, en hann er heyrnarlaus. Hann hefur að undanfögnu verið að undirbúa sig undir starf með heyrnarlausum og hefur í því sambandi lagt stund á tölvunám. Áfram verður haldið á sömu braut, og nú er í samráði við skólastjóra Heyrnleysingjaskólans áformað að safna fé til kaupa á tölvu handa skólanum.

Að lokum er ástæða til að þakka sérstaklega Friede Briem fyrir hennar mikla starf á þessum vettvangi og fyrir það að semja þá greinargerð, sem hér er birt.

September 1985.

F.h. Zontaklúbbs Reykjavíkur.

Guðrún Jónsdóttir, formaður.

V. Nafnaská.

Anna Sigurðardóttir, 60.
Ásmundur Sveinsson, 55.
Auður Auðuns, 7, 16, 60, 63-64.
Auður Proppé, 36.
Benedikt Gunnarsson, 55.
Benedikte prinsessa 10,
Bentzen, Ole, 3-4, 13-15, 18-19, 22-23, 28-35, 37,
41-42, 43, 51-52-, 57-58, 61-62.
Birgir Ás Guðmundsson, 37-39, 61.
Brandur Jónsson, 6-7, 47-52.
Castenskiöld, Tove, 8-9.
Davíð Sch. Thorsteinsson, 46.
Dóra Þórhallsdóttir, 17, 28-29.
Edda Edvaldsdóttir, 58.
Eiríkur Smith, 55
Einar Sindrason, 64.
Ellý Vilhjálms, 36.
Elsa Guðjónsson, 36.
Erlingur Þorsteinsson, 15, 17, 22, 39-40, 41.
Ewertsen, 15.
Eyborg Guðmundsdóttir, 55.
Eyjólfur Eyfells, 55.
Finnur Jónsson, 55.
Friðrik Einarsson, 56.
Friede Briem, 1-3, 18, 20, 36, 58, 62, 64-65.
Gísli Skúlason, 6.
Gréta Björnsdóttir, 55.
Guðmunda Andrésdóttir, 55.
Guðmundur Benediktsson, 55.
Guðmundur Einarsson, 55.
Guðrún Briem Hilt, 29-30.
Guðrún Jónsdóttir, 60, 65.
Gylfi Baldursson, 37-39, 42.
Halldór Pétursson, 55.

Haukur Benediktsson, 29, 56.
Heiðar Ástvaldsson, 55.
Helga Weissshappel, 55.
Herdís Haraldsdóttir, 50.
Hrafnhildur Sigurðardóttir, 43, 46, 61.
Hörður Ágústsson, 55.
Illum, Else, 10.
Ingibjörg Bjarnadóttir, 3, 8, 10-11, 18.
Ingríður danadrottning, 8-9.
Jóhann Briem, 54-55.
Jóhanna Jóhannsdóttir, 8.
Jóhannes Jóhannesson, 55.
Jóhannes S. Kjarval, 55.
Jón Benediktsson, 55.
Jón Böðvarsson, 60.
Jón Sigurðsson, 16, 21, 29, 39, 62.
Karl Guðmundsson, 36.
Kjartan Guðjónsson, 55.
Kristín Guðmundsdóttir, 38.
Kristín Guðmundsdóttir, 17, 54.
Kristín Ísleifsdóttir, 5.
Larsson, Britta, 9.
Magnea Ingólfssdóttir, 59.
Margrét Th. Bjarnadóttir Rasmus, 3, 5-7, 18.
María Kjeld, 15-18, 22, 30, 36, 42, 61.
Matthías Jónasson, 22, 29, 31.
Munk, Sigvard, 9.
Oddný Sen, 17.
Ólafur Helgason, 5-6.
Ómar Ragnarsson, 36.
Páll Ásgeirsson, 61.
Páll Ísólfsson, 6.
Páll Pálsson, 47.
Pétur Guðfinnsson, 46.
Pétur Friðrik Sigurðsson, 55.

Ragnar, Bjarnason, 36.
Ragnheiður Guðjónsdóttir, 5-6.
Rúna Guðmundsdóttir, 17, 35-36.
Røjskjær, Cristian, 19-21, 38-39.
Sigríður Bachman, 7.
Sigríður Björnsdóttir, 55.
Sigrún Guðjónsdóttir, 55.
Sigrún Magnúsdóttir, 29.
Sigurður Benediktsson, 54.
Sigurður Sigurðsson, 39.
Sigurður Sigurðsson, 55.
Sigvaldi Þorgilsson, 38.
Sipilä, Helvi, 9.
Skarphéðinn Haraldsson, 55.
Sólveig Eggerz Pétursdóttir, 55.
Stefán Skaftason, 2, 39-42, 46, 56-57, 61-62, 64.
Sveinunn Marteinsdóttir, 55.
Svavar Gests, 17, 36.
Sverrir Haraldsson, 55.
Tómas Helgason, 17, 24, 29.
Valtýr Pétursson, 55.
Vigdís Jónsdóttir, 36.
Þórhallur Bjarnarson, 29.
Willemoes, Bodil, 3, 10-15, 18, 22.
Örlygur Sigurðsson, 55.

